


Heimildir um Grímsvatnagosin
1902 - 1910

Haukur Jóhannesson tók saman



Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

Kápunynd: Jón B. Hlíðberg (gerð eftir málverki
Einars Jónssonar málara, sem er af gosi
suðvestur af Grímsvötnum 29. ágúst 1910)

EFNISYFIRLIT

	bls.
Inngangur	4
Íslensk blöð og tímarit	5
Veðurfarsbækur dönsku veðurstofunnar	37
Dönsk dagblöð	37
Norsk blöð	39
Þýsk blöð	39

INNGANGUR

Í þessu fjölríti eru prentaðar allar þær heimildir, sem fundist hafa um eldgos í Vatnajökli á árunum 1902 til 1910. Grein höfundar um eldsumbrot í Grímsvötnum 1902-1910, sem birtast mun í Náttúrufræðingnum, byggir á þessum heimildum. Heimildirnar eru fyrst og fremst frásagnir og fréttaklausur í blöðum og tímaritum, einkum íslenskum. Einnig var leitað fanga í blöðum í Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Auk þess var farið yfir veðurfarsbækur dönsku veðurstofunnar frá veðurathugunarstöðvum á Íslandi, sem nú eru í vörslu Veðurstofu Íslands.

Þessar heimildir verður að taka með nokkurri varúð eins og blaðafregnum yfirleitt. Á nær öllu því tímabili, sem hér er um fjallað, bárust fréttir fyrst og fremst skriflega eða þá munnlega með landpóstunum eða ferðalöngum. Allar veigamestu fréttirnar eru teknar orðréttar úr bréfum frá nafnkenndum mönnum og verður að telja að þær séu traustar. Einkum þó vegna þess, að bréf voru oft skrifuð nokkrum dögum eða jafnvel vikum eftir að atburðurinn gerðist, sem fréttæmur var. Bréfritarar hafa því haft tíma til að vega og meta það, sem þeir voru að skrá. Alloft hafa fréttir borist munnlega beint til ritstjóra blaðanna með landpóstunum úr fjarlægum héruðum. Eftir að síminn kom til sögunnar, verða fréttir oft styttri og yfirborðskenndari enda sagðar nær samdægurs. Heimildarmanna er þá einnig síður getið og er svo enn í dag.

Öll blöð og tímarit (þ.m.t. Vesturheimsblöðin) sem út komu á ofangreindu tímabili voru könnuð og er brugðið á það ráð að birta allar fréttirnar orðréttar. Oft átu blöðin fréttirnar hvert eftir öðru og er í þessu fjölríti ekki gerður greinarmunur þar á, enda bera fréttirnar það með sér ef þær eru teknar eftir öðru blaði. Nokkrar klausur eru þó markleysa ein en ekki þótti annað fært en að taka allt með þar sem minnst er á fyrirbrigði sem tengja má eldgosum.

Fréttir úr erlendum blöðum voru fundnar eftir tilvísunum og reynt að hafa upp á frumheimild í hverju tilviki. Nokkrar erlendar fréttaklausur sem vitnað hefir verið í hafa ekki fundist, og er ekki að efa, að enn er að finna greinar í erlendum blöðum sem að gagni geta komið.

Textinn er hér prentaður stafréttur og einungis auðsæjar prentvillur leiðréttar. Bryndís G. Róbertsdóttir las textann saman við frumheimildirnar en Helga Valdemarsson og Erling Ólafsson tölvusettu hann.

ÍSLENSK BLÖÐ OG TÍMARIT

1. BJARKI - 7. ÁRG. 48.-49. TBL., FÖSTUD. 12. DESEMBER 1902, BLS. 7.

ÖSKURYK segja Hjeraðsmenn að sjest hafi undan farandi í ull á fje og geta sumir til að eldur muni vera uppi einhverstaðar inni á öræfum. En eingar fregnir segja póstar um það, sem nú eru þó nýkomnir.

2. NORDURLAND - 2. ÁRG. 13. TBL., LAUGARD. 20. DESEMBER 1902, BLS. 51.

ELDGLAMPA sá síra Jónas Jónasson prófastur og fleiri menn á lofti í suðri kvöld eitt fyrir skömmu. Þjarmanum skaut upp á loftið hvað eftir annað. Afstaðan lík því, sem eldurinn væri í vestanverðum Vatnajökli.

3. REYKJAVÍK - 4. ÁRG. 4. TBL., LAUGARD. 17. JANÚAR 1903, BLS. 2.

ELDGLAMPA sá séra Jónas á Hrafnagili og fl. á lofti um miðjan Des. Skaut þjarmanum upp hvað eftir annað. Afstaðan sem væri eldurinn í Vatnajökli vestanverðum.

4. REYKJAVÍK - 4. ÁRG. 5. TBL., FIMMTUD. 22. JANÚAR 1903, BLS. 2.

ELDUR UPPI. Í vetur snemma varð vart við talsverða vikurösku í ull á sauðfé í Rangárvalla og Árness sýslum. "Bjarki" 12. Des. segir, að í Fljótsdalshéraði eystra hafi þá undanfarandi orðið vart við ösku-ryk í ull á fé. Sé borið hér saman við það sem getið er í síðasta bl. um eldbjarma, séðan úr Eyjafirði, er enginn vafi á, að eldur hefir uppi verið í vetur einhverstaðar í óbygðum hér.

5. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 4, FIMMTUD. 29 JANÚAR 1903, BLS. 3.

Íslands fréttir.

Seyðisfirði, 5. Des. 1902.

Öskuryk segja héraðsmenn að séðst hafi undanfarandi í ull á fé og geta sumir til að eldur muni vera uppi einhversstaðar inni á öræfum. En engar fregnir segja póstar um það, sem nú eru þó nýkomnir.

Bjarki.

6. DAGSKRÁ II - 2. ÁRG. NR. 18, FÖSTUD. 30. JANÚAR 1903, BLS. 2.

Ísland. (m.a.) - Talsvert öskufall á austurlandi.

7. AUSTRI - 13. ÁRG. 4. TBL., LAUGARD. 31. JANÚAR 1903, BLS. 14.

ELDUR UPPI.

Grimstaða pósturinn hafði það eptir Akureyrarpósti, að það hefði sézt þrjár eldstrókar á lopti frá Reykjahlíð, er menn gizkuðu þar á, að mundi annaðhvort vera úr Vatnajökli eða þá Heklu? Vér töluðum í fyrra dag við skynugan mann ofan úr Hrafnkellsdal, er bæði liggur hátt og suðvestarlega en ekkert hafði sézt þaðan til eldgangs þessa.

8. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 8, FIMMTUD. 26. FEBRÚAR 1903, BLS. 6.

Íslands fréttir.

Seyðisfirði, 19. Des. 1902.

Eldglampa sá síra Jónas Jónasson prófastur og fleiri menn á lofti í suðri kvöld eitt fyrir skömmu. Þjarmanum skaut upp á loftið hvað eftir annað. Afstaðan lík því, sem eldurinn væri í vestanverðum Vatnajökli.

Norðurland.

9. DAGSKRÁ II - 2. ÁRG. NR. 21, LAUGARD. 28. FEBRÚAR 1903, BLS. 2.

Ísland. - Eldur hefir nýlega sést í Vatnajökli.

10. AUSTRI - 13. ÁRG. 19. TBL., LAUGARD. 30. MAÍ 1903, BLS. 68.

Seyðisfirði 30. maí 1903.

Öskufalls töluverðs hefir orðið hér vart síðari hluta vikunnar, og virðist það bera hingað úr vestri.

11. BJARKI - 8. ÁRG. 21. TBL., FIMMTUD. 4. JÚNÍ 1903, BLS. 3.

ÖSKUFALL.

Hinn 28. fyrra mánaðar kl. 5 e.m. sást hjeðan reykjarmökkur í vestri eða lítið sunnar, sem smásaman hækkaði og dreifðist svo nokkuð um loftið; fyrst lítið eitt til suðurs eftir veðurstöðunni og síðan meira til norðausturs, með því að suðvestanáttin virtist þá verða ríkari. Klukkan 10 um kvöldið var farið að votta til öskufalls og nokkurrar brennisteinsfýlu. Í gærmorgun kl. 4. fóru menn á flakk til að sjá hvernig veðrið liti út; var þá nokkurnveginn fjallabjart en fór að smádimma og að litlum tíma liðnum varð myrkrið svo mikið, að ekki sáust gluggar í húsum heldur en þeir væru eingir til; fylgdu því skruggur nokkrar og dýnkir. Eftir hjerumbil klukkutíma fór aftur að birta svo vel sást til fjallanna, aðeins þykk móða í dölunum; var þá askan 2 línur (2 1/2 úr þumlung) á þykkt. Óvíst er hvar eldurinn hefur haft upptök sín; en þegar fyrst sást öskumökkurinn, sem þá var mjög lítið farinn að dreifast, - virtist hann vera í stefnu hjeðan frá Kverkfjöllum. Er því ekki ólíklegt að annaðhvort þar eða í Dínghjufjöllum hafi eldgos þetta verið.

Brú 30. maí 1903.

Eiríkur Guðmundsson

12. GJALLARHORN - 1. ÁRG. 18. TBL., FÖSTUD. 5. JÚNÍ 1903, BLS. 70.

ELDGOS Í VATNAJÖKLI. Úr Mývatnssveit sást fimmtudagskvöldið 28. maí ösku- og reykjarstrókur upp úr Vatnajökli. Degi seinna var seglskipið "Carl" um 30 mílur austur af Langanesi. Fjell þá ofan á þilfarið aska, sem eflaust hefur borizt frá gosi þessu.

13. NORDURLAND - 2. ÁRG. 37. TBL., LAUGARD. 6. JÚNÍ 1903, BLS. 147.

ELDGOS hafa Þingeyingar séð, sem talið er muni vera í Vatnajökli. Settur er í samband við það, og sennilega með réttu, sandur, sem kom á þilfarið

á seglskipinu "Carl" um 30 mílur austur af Langanesi á leið skipsins hingað. Skipstjóri ætlaði með sandinn til Khafnar til þess að láta rannsaka hann þar efnafræðislega.

14. ÍSAFOLD - 30. ÁRG. 33. TBL., LAUGARD. 6. JÚNÍ 1903, BLS. 129.

ELDUR UPPI OG SKEIDARÁ HLAUPIN.

Skrifað er Ísafold 30. f.m. austan úr Mýrdal: "Jón oddviti í Hemru Einarsson sá 28. þ.m. kl. 6 síðdegis mökk nokkurnrétt í landnorður frá honum, og eftir því sem á leið eða kringum kl. 11 var mökkurinn svo þykkur orðinn, að líkast var sem hann kæmi upp úr næstu hæðum í Tungunni. Gísli hreppstjóri í Þykkvabæjarklausturshjáleigu í Álftaveri sá einnig mökkinn um sama leyti og eldinn. Einnig sagði hann, að svo bjartur hefði hann verið, að lýst eða speglað sig hefði hann í læk fyrir austan bæinn. Honum virtist eldurinn vera í átt yfir Keldunúpi að sjá heiman frá Hjáleigunni. Einnig sást mökkurinn af Höfðabrekku-Háfelli. Telja menn líklegt, að eldurinn muni vera uppi annaðhvort framarlega í Vatnajökli eða ofarlega í Skeiðarárjökli. Líklegt telja menn hér einnig, að Skeiðará sé hlaupin eða að hlaup sé í henni. Þeir hafa það til marks, að í morgun kl. 3 1/2, þegar farið var að afferma timburskip, sem lá hér fyrir utan í lögnum austankalda, þá gerði svo mikinn vesturstraum, að skip með 16 mönnum við árar dreif það vestur, að þeir höfðu við illan leik í sand og voru rétt lentir vestan í urðina undir Reynisfjalli, með aðeins 2 smáa timburbúlka aftan í sér, og tapaðist þó 1 búlkinn alveg. Var að sjá sem hringiðu í á, og sjórinn var mórauður og megnan ódaun lagði af. Þorði timburskipið ekki annað en að taka sig upp og sigla til hafs, og var þó dauður sjór. - Kvöldið fyrir var nokkuð mikið austurfall. Þessi mikli straumur mun ekki hafa staðið lengur en 2-4 kl.stundir. Bátur fór út í botnvörpung nokkru síðar og var þá lítill straumur. Botnvörpungurinn hafði séð vel eldinn utan af hafi. Engar fréttir komnar síðan austan yfir Sand. Þess skal getið, að í alt vor hefir bæði Skeiðará og Núpsvötn verið þur að kalla og hafa Örafingar ekki þorað út í Vík í kaupstaðarferð, ef vera kynni að hlaup kæmi á meðan og tepti þá fyrir vestan. Stefán póstur Þorvaldsson frá Kálfafellskoti í Fljótshverfi segir, að þann 27. þ.m. hafi Núpsvötnin verið farin að fljóta yfir farvegi sína.

VIÐBÆTIR.

Eftir ferðamanni úr Landbroti er reykjarmökkurinn að sjá frá Þykkvabæ fyrir framan Fossfjall á Síðu, og segir hann að jökulhlaupið í Skeiðará sé óvenjulega mikið - sýslumanni því hamlað frá að halda kjörþingið í austursýslunni, enda hafði hann skilið eftir umboð og kjörskrá í Örafum, þegar hann kom út um af manntalsþinga-umreið sinni í þessum mánuði.

15. ÞJÓÐVILJINN - 17. ÁRG. 24. TBL., MÁNUD. 8. JÚNÍ 1903, BLS. 96.

ELDGOS-SKEIDARÁHLAUP.

Ný frétt er austan úr Skaptafellssýslu, að eldur hefur sést úr byggð, og hyggja menn, að hann sé uppi annaðhvort í Vatnajökli eða Skeiðarárjökli. Einnig er Skeiðará hlaupin fram með miklum jökulburði.

16. FJALLKONAN - 20. ÁRG. NR. 23, ÞRIDJUD. 9. JÚNÍ 1903 BLS. 89.

SKEIDARÁ HLAUPIN. ELDUR UPPI.

Skeiðará hafði "staðið inni", sem kallað er, frá því á Þorra í vetur. En mánudaginn 25. maí sáu menn frá Skaftafelli í Örafum, að hún var tekin að

vætla fram undan jöklinum. Maður kom sama dag vestan yfir Skeiðarársand, og varð hann einskis var annars en þess, að Skeiðará var þá orðin í hné eða þar um bil. Daginn eftir, þriðjudaginn, var komið í ána fullkomið sumarvatn og eftir kl. 2 síðdegis var hún tekin að ganga bæði uppá Sandfells- og Svínafellsengjar. Fór hún svo vaxandi allan þriðjudaginn og miðvikudaginn. Kom hún aðallega út úr krikanum við Jökulfell. Flóði hún þá yfir alt það, er tilásat frá Sandfelli og Svínafelli; telja kunnugir menn, að hún hafi þá tekið yfir hálfan Skeiðarársand eða alt að því. Aðalhlaupið var samt eftir; það kom á miðvikudagskveldið og fimtudagsnóttina. Fylgdu því ógurlegir brestir og dýnkir. Í Svínafelli nötraði jörðin um nóttina; máttu menn þar ekki sofa fyrir titringnum, dýnkjunum og brestunum. Svo virtist að sögn manna úr Öræfum, sem jarðskjálftakippir væru í 2 nætur samfara jökulhlaupinu. Ýmsar líkur eru til, að Núpsvötnin hafi ekki verið hlaupin á fimtudagskveldið. Að sögn kunnugra manna hlaupa þau annað hvort degi fyr eða seinna en Skeiðará sjálf. Á fimtudagskveldið sást fyrst til elds frá Svínafelli í Öræfum. Seinna sama kveld sást hann og frá Sandfelli. Bar þaðan himingnæfandi kolsvartan reykjarstrókin hátt yfir Svínafellsfjall; glitruðu og leiftruðu eldblossarnir alstaðar út úr reykjarstólpanum líkt eins og skrugguljós. Tvisvar sinnum um kveldið greiddi reykjarmökkinn sundur; gnæfði þá blossandi eldstólpinn jafnhátt í loft upp og reykjarstrókurinn hafði áður gert. Var það mikilfengleg sjón, sem seint fyrnist þeim, er sáu. Gískað er á, að eldurinn sé annaðhvort sunnan til í Vatnajökli eða norðan til í Öræfajökli. Frú Lýdia Lúðvíksdóttir, kona síra Ólafs Magnússonar, sem verið hefir í Sandfelli, en er nú kominn að Arnarbæli, var á ferð föstudagsnóttina milli Svínafells og Sandfells og hafði svipu í hendi með silfurhólkum á. Mistu þá svipuhólkarnir á svipstundu silfurlitinn og urðu sumstaðar koparrauðir og sumstaðar bláir. Rauðmálaðir listar á stofuhurð í Hofnesi í Öræfum urðu bláir að lit á freklega hálfri hurðinni, að ofan frá. Kirkjubæjarklausturpóstur var staddur austur í Öræfum, er hlaupið kom, og átti af fara vesturyfir Skeiðarársand. En sandurinn varð öllum skepnum ófær nema fuglinum fjúganda. Ætlaði póstur þá á laugardaginn að reyna að komast inn á jökul, fara úr Jökulfelli í Eystrafjall og þaðan í Núpsstaðarfjall. En af því ferðalagi hafa enn engar sögur borist. Á föstudagsmorguninn 29. maí sá Ári hreppstj. Hálfðánarson á Fagurhólsmýri, að jakahrönnin úr Skeiðarárjökli var komin út hjá þýzka strandinu frá í vetur, sem leið.

17. REYKJAVÍK - 4. ÁRG. 30. TBL., FIMMTUD. 11. JÚNÍ 1903, BLS. 3.

HLAUPIN eru stórvötnin á Skeiðarársandi, Skeiðará og Núpsvötn. Er það mikið hlaup; sandurinn ófær og tvisýnt, að póstur hafi komist yfir jökla vestur um.

ELDUR er uppi, að líkindum vestarl. í Vatnajökli. Hefir hann sést víða úr Skaftafellssýslu vestari, og eins af skipum utan af hafi, m.a. af "Laura".

18. ÞJÓÐÓLFUR - 55. ÁRG. 24. TBL., FÖSTUD. 12. JÚNÍ 1903, BLS. 94.

ELDGOS. HLAUPIN SKEIÐARÁ.

Í Vatnajökli eða Skeiðarárjökli er eldur uppi. Úr Skaftafellssýslu sáust eldstrókarnir fyrst 28. f.m., og gnæfðu hátt á lopt upp, samfara miklum reykjarmökk, en brennisteinsfýlu afarsterka lagði um byggðina allt austur í Hornafjörð eða lengra. Á Austfjörðum varð vart öskufalls um þetta leyti eða nokkru fyr, og lengi hafa menn haldið, að eldur væri uppi í jöklinum,

þótt hann hafi ekki sést fyr en nú. Úr Öræfum hafði einkum verið mjög stórfenglegt að sjá eldinn, og austan úr Hornafirði er skrifað, að þaðan að sjá hafi eldurinn líkst stórkostlegum flugeldum. Rétt áður en eldurinn sást eða 27. f.m. og aðfaranóttina 28. hljóp Skeiðará, og er því sandurinn alófær. Kirkjubæjarklausturspóstur var þá kominn í Öræfin, og ætlaði hann að reyna að komast vestur yfir "á jökli", sem kallað er, en óvíst, að það hafi tekizt. Kona séra Ólafs Magnússonar á Sandfelli, sem nú er orðinn prestur í Arnarbæli, ætlaði landveg þaðan úr Öræfunum suður, en varð að hætta við og fór austur á Hornafjörð og kom þaðan með "Hólum" 8. þ.m. Líklega verður Skeiðarársandur ófær langt fram eptir sumri.

19. NORÐURLAND - 2. ÁRG. 38. TBL., LAUGARD. 13. JÚNÍ 1903, BLS. 151.

ELDGOSIÐ.

Þess var getið í síðasta blaði voru, en nú hefir Nl. fengið nokkuru ljósari fregnir af því. Á áliðnum degi þ. 28. maí síðastl. sá síra Árni prófastur á Skútustöðum mökk koma hátt upp í loftið og bera yfir miðja Trölladyngju, skamt vestan við Sellandafjall, sem er allhátt; mökkinn bar fullum þriðjungum herra en fjallið. Frá kl. 10 og fram eftir nóttinni sáust eldneistar alltiðir, sumpart í mekkinum og sumpart á allstóru svæði til beggja hliða. Morguninn eftir var heiðskirt og bjart veður, en þá virtist liggja brunamöða á Dyngjufjöllum og út á Bláfjall. Mökkurinn kom þá aftur upp um daginn, miklu ljósari en áður, líkur hveragufu, stóð beint upp í loftið, og var á að gizka helmingi lægri en daginn áður. Eftir þann dag bar lítið á þessu. Eldgosið hlýtur að vera í Vatnajökli og ber yfir sömu stöðvar eins og eldgos, sem menn þóttust sjá í síðastl. desember. Frá bæ einum í Reykjadal bar svo mikið á reykjarmekkinum aðfaranótt 29. maí, að karlmenn fóru upp úr rúmun sínum og riðu á stað, af því að þeir héldu, að bæir á Mývatnsheiði mundu vera að brenna. Á fimtudaginn var sá síra Sigtr. Guðlaugsson af Vaðlaheiði austanverðri eins og ský, sem bar yfir austanverðan Grjótárdal, og svo reykjar- eða gufukúfa þyrlast upp. Sýnilega stöfuðu þeir af eldgosi. Þá bar mjög hátt á loft. Svo smá-jafnaðist úr þeim, og þeir urðu eins og þykt ský. Tæpri viku eftir að eldgosíð sást í maí, 4. og 6. þ.m., komu svo mikil hlaup í Jökulsá á Fjöllum og Skjálfafljóti, að fádæmum sætir. Kunnugir menn geta ekki gert sér grein fyrir þeim hlaupum á annan hátt en þann, að þau hljóti að hafa staðið í sambandi við eldsambrot. Getu má þess jafnframt, í síðastl. desemb. komu líka í bæði þessi vötn svo óvenjulega mikil hlaup, að þau tóku ferjur á báðum vötnunum. Sennilegt þykir, að þau hafi stafað af samskonar orsökum.

20. ÍSAFOLD - 30. ÁRG. 35. TBL., LAUGARD. 13. JÚNÍ 1903, BLS. 159.

ELDGOS Í SKEIÐARÁRJÖKLI.

Ritað er Ísafold af Síðunni 2. þ.m.: Eldur uppi í suður af Grænafjalli, vestarlega í jöklinum (Skeiðarárjökli). Hlaupið byrjaði í Skeiðará mánudag 26. maí síðdegis; miðvikudag seinni part kom Súla fram, og síðari hluta fimtudags sást eldurinn, og var mestur þá næstu nótt, bjart hér í syðri byggum, Álfaveri og Meðallandi. Hrönn ruddi Skeiðará fram upp á gamlan möð, mest miðvikudag og fimtudag. Þá skulfu hús í Svínafelli og Skaftafelli. Póstur kom hingað í gær; fór yfir sandinn hvítasunnudag; vegur nokkuð tvíhentur; á miðsandinum 2 vatnsföll, austur undir Háöldu og nálægt Sigurðarfít, hvort um sig eins og Skeiðará "í sparifötunum" þ.e. í sumarflugi. Fólk héðan ætlar í dag austur að Núpsstað og þaðan inn í fjöll til að skoða stöðvarnar; þar logar enn vel; eg er hræddur um öskufall í Öræfum í dag, því þangað er svartan bálk að sjá, og vindur er

hvass að norðan. Nú erum við að búast við Kötlu þá og þegar, sami r... undir þeim báðum systur, og fyrir löngu orðið von á Kötlu.

21. AUSTRI - 13. ÁRG. 20. TBL., LAUGARD. 13. JÚNÍ 1903, BLS. 73.

Seyðisfirði 13. júní 1903.

Öskufallið, sem hér og víðar hefir orðið vart fyrirfarnadi, er nú haldið að vera komið úr eldgosí norðan til í Vatnajökli.

22. INGÓLFUR - 1. ÁRG. 15. TBL., SUNNUÐ. 14. JÚNÍ 1903, BLS. 59.

ELÐUR UPPI OG SKEIDARÁ HLAUPIN.

Skeiðará hefur staðið inni, sem Skaftfellingar, kalla þar til seint í firra mánuði. 25. f.m. fór maður ifir hana og var hún þá í kné. Daginn eftir ógs hún mikið og eins næsta dag 27. f.m. og um kveldið flóði hún ifir alt það er til sást frá Sandfelli og Svínafelli. Aðalhlaupið var kvöldið hins 27. og aðfaranótt hins 28. filgdu því miklir brestir og dínkir, jörðin nötraði og í Svínafelli gátu menn ekki sofið fyrir titringnum. Jarðskjálftakippir voru samfara jökulhlaupinu. Til elds sást first að kveldi hins 28. frá Svínafelli, bar þaðan kolsvartan reikjarstrók hátt ifir Svínafellsfjall, og glitruðu og leiftruðu eldblossarnir alstaðar út úr reikjarstólpanum. Um sama leiti varð vart við öskufall á Seiðisfirði, er hefur víst stafað þaðan. Menn higgja að eldurinn sé annaðhvort sunnan til í Vatnajökli eða norðan til í Öræfajökli. Skeiðarársandur var öllum ófær hinn 31. f.m. og ætlaði pósturinn þá að reina að komast inn á jökul og fara úr einu fjallinu í annað og komast þannig fyrir sandinn.

23. ÍSAFOLD - 30. ÁRG. 36. TBL., MIDVIKUD. 17. JÚNÍ 1903, BLS. 142.

ELDMISTUR.

Hér hefir verið töluvert mistur undanfarna daga, og eru sumir fulltrúa um, að það stafi af eldgosinu í Skeiðarárjökli, eða þá nýju eldgosí nær, og þykjast hafa orðið varir við brennisteinseim. En hvort það er annað en hugarburður, skal ósagt látið að svo komnu.

24. REYKJAVÍK - 4.ÁRG. 31. TBL., FIMMTUD. 18. JÚNÍ 1903, BLS. 4.

ÖSKUFALL. Í Hróarstungu í N.-Múlas. féll 1/2 þml. þykt lag af ösku skömmu áður en "Hólar" fóru suður hjá síðast. Niðri í fjórðum var askan minni, en varð þó vart.

MISTUR nokkurt lá hér yfir bænum nokkra daga king um helgina. Sumir menn þóttust finna brennisteinslykt með mistrinu. En hitt er víst, að margir urðu varir við örfínt sandryk eða ösku í lofti. Mátti stundum finna það glögt undir tönnum, ef maður gekk stundarkorn úti með opinn munn, og flestallir munu hafa kent talsverðan sviða í augum af því. Er það flestra manna ætlun, að þetta stafi af eldgosinu eystra. Því að þótt gola væri af hafi, það lítil hún var, er mistrið var, þá gat askan hafa borist vestur hærra í lofti, en komið niður er gola blés því til baka aftur. Hér var hiti og þurviðri með mistrinu, en til sólar sá ekki.

25. ÞJÓDÓLFUR - 55. ÁRG. 25. TBL., FÖSTUD. 19. JÚNÍ 1903, BLS. 99.

MISTUR, er stafi af eldgosinu eystra, þykjast menn hafa orðið varir við þessa daga hér í bæ ásamt brennisteinslykt. Sólarlagið hefur einnig verið alleinkennilegt, dauft og dimmrautt.- Menn eru jafnvel hræddir um, að brátt muni Katla fara að hreyfa sér, vegna sambands, sem haldið er, að sé milli hennar og Skeiðarárjökuls, en vonandi er, að það verði ekki, því að mikið tjón gæti að orðið.

26. BJARKI - 8. ÁRG. 22. TBL., FÖSTUD. 19. JÚNÍ 1903, BLS. 1.

ELDGOS.

Askan, sem nýlega fjell hjer yfir Austurland, stafar af gosi annaðhvort norðantil í Skeiðarárjökli, eða sunnantil í Vatnajökli. Blossinn frá gosinu sást austur í Hornafjörð. Kvöldið 28. f.m. byrjaði gosið. Svo mikið hlaup kom í Skeiðará, að hún hefur verið ófær með öllu undanfarandi. En bæði hún og Núpsvötn hafa verið svo að kalla þur í vor þángað til og hafa Öræfingar ekki þorað í kaupstaðarferðir út í Vík, ef vera kynna að hlaup kæmi á meðan og teppti þá fyrir vestan. Askan frá gosinu hefur ekki borist, eða mjög lítið, um Suðurland, en mest hjer um norð-austur-land. Á Djúpavogi varð aðeins vart við öskuryk, en mökkurinn sást norðurundan. Innantil í Reyðarfirðinum fjell nokkur aska og svo um allt svæðið þar norðurundan og norður í Þingeyjarsýslu. Í Vopnafirði og Jökulsárhlíð mun öskulagið hafa verið þykkast. Í Fagradal, ysta bæ í Vopnafirði, varð svo dimmt um tíma, að varla var lesbjart fyrir öskuryki. Í Jökulsárhlíð var öskulagið svo þykkt að varla sá mun á fönnum og auðri jörð. Á fjöllum hjer allt í kríng urðu fannir gráar af ösku.

27. NORDURLAND - 2. ÁRG. 39. TBL., LAUGARD. 20. JÚNÍ 1903, BLS. 155.

ELDGOSIÐ.

Menn hafa þózt sjá þess full merki, að eldur mundi uppi vera suður á öræfum. Mývetningar hafa séð reykjarmökk mikinn í suðri. Reykdælir sáu og eldbjarma mikinn eina nótt eigi alls fyrir löngu. Eigi hafa menn vitað með vissu, hvar eldgos þetta væri. En eftir stefnu að dæma hefir verið ætlað, að það mundi norðvestan við Vatnajökul eða norðan við Tungnafjallsjökul. Þann 10. þessa mánaðar fórum við nokkurir Laxdælir austur á Reykjaheiði að rýja geldfé. Var þá reykjarmökk óurlegann að sjá í suðri sögðu þeir, er kunnugir voru, að hann mundi nálægt Trölladyngju. En sandryk var mikið, svo ógjörla mátti greina fjall í fjarlægð. Aðfaranótt hins 12. héldum við heimleiðis. Leið vor lá fram hjá hnjúk þeim, er Gústahnjúkur er nefndur. Veður var kyrt og heiðskirt, svo hvergi sá ský. Kom okkur þá saman um að ganga upp á hnjúkinn og litast um, ef vera mætti, að við sæ um þess merki nokkur, hvar eldgosíð væri. Við fórum svo 5 saman: Þórarinn Jónsson, Jón Jónsson, og Jón Sigurgeirsson frá Halldórsstöðum, og Gunnlaugur bóndi Snorrason frá Geitafelli. Það var í sólar upp rás, er við komum upp á hnjúkinn; var þar andsvalt mjög uppi, en fagurt um að litast, og útsýni hið tignarlegasta. Þaðan sést yfir öll nærliggjandi héruð, svo og norður yfir Axarfjörð, Nupasveit og Sléttu, fjöllinn við Eyjafjörð, og svo alla leið þaðan á Vatnajökul og Vonarskarð. Var það fögur og svipmikil sjón er sólin roðaði jöklana. Engan reyk var að sjá, er við komum upp, og þótti oss ilt, ef ferð vor yrði eigi til neins fróðleiks. En brátt sáum við, að "Skollinn sá hinn mikli var fullur úlfúðar". Tveir reykjarstrókar tóku að hefja sig upp úr Vatnajökli, og var all-skamt milli þeirra; annar var nokkuru minni en báðir þó miklir. Reykurinn steig hátt í loft, þar til er hlé nokkurt varð

á gosinu. Leið svo lítil stund uns aftur tók að gjósa. Meðan við sáum, gaus eigi nema litla stund í senn og liðu nærfelt 4 mínútur á milli. Eigi var mökkur þessi nær því svo mikill og sá, er við sáum hið fyrra sinn. Hefir hann sést sem svartur skýflóki langa hríð í senn, jafnvel dögum saman jafnmikill. Reykurinn kom upp austanvert á bungu þeirri, sem er vestan til á Vatnajökli. En síðar var hægt að greina, hve sunnarlega hann var. Eigi hefir orðið vart við ösku hér um slóðir, en hlaup hafa komið í vetur í Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafljót og hefir það þótt benda til þess, að eldur myndi uppi í Vatnajökli, enda er það nú ekki lengur vafamál.

Halldórsstöðum 12/6.
Andrés Illugason.

28. VESTRI - 2. ÁRG. NR. 33, LAUGARD. 20. JÚNÍ 1903, BLS. 130.

ELDUR UPPI.

25 f.m. sást til elds frá nokkrum bæjum í Örafum og bar kolsvartan reykjarstrókin hátt við himin yfir Svínafellsfjall og á milli glitraði í eldblossana eins og skrugguljós. Stundum ljetti reyknum og stóð þá eldstrókurinn eptir himinhár. Líklegt er talið að eldurinn sje annaðhvort sunnantil í Vatnajökli eða norðan til í Örafajökli.

(“Fjk.”)

SKEIDARÁ HLAUPIN.

Skeiðará hafði "staðið inni" frá því á þorra í vetur þar til 25. maí að hún fór að sitra fram undan jöklinum. Daginn eptir var komið mjög mikið vatn í ána svo hún flóði langt út yfir farveg. 27. s.m. var kominn svo mikill vöxtur í ána að hún flóði yfir það sem til sást milli Sandfells og Svínafells og er talið að hún hafi þá tekið yfir allt að því hálfan Skeiðarársand. Aðalhlaupið kom þó fyrst um kvöldið og fylgdu því dynkir og brestir, sem allt ætlaði um koll að keyra og virtist svo sem jarðskjálftakippir væru í 2 nætur samfara jökulhlaupinu.

(“Fjk.”)

29. AUSTRI - 13. ÁRG. 21. TBL., MÁNUD. 22. JÚNÍ 1903, BLS. 77.

JÖKULHLAUP.

Skeiðará og Núpsvötnin hlupu síðustu dagana í maí, og var einkum hlaupið úr Skeiðará stórkostlegt og tók nærri yfir allan Skeiðarársand.

ELDGOSIÐ virðist að vera einhverstaðar í Vatnajökli, eins og til hefir verið getið hér í Austra; en hvar, er enn órannsakað.

30. FJALLKONAN - 20. ÁRG. NR. 25, ÞRIDJUD. 23. JÚNÍ 1903, BLS. 99.

Árnessýslu 15. júní 1903. m.a.

Reykjarmökkur af eldgosí er sagt að sést hafi frá Eyrarbakka 8. þ.m. (?) í stefnunni sunnantil við Búrfell í Gnúpverjaafretti. Til þessa hefir veðurstaða eigi verið svo, að öskufall hafi komið hingað.

31. ÍSAFOLD - 30. ÁRG. 38. TBL., MIDVIKUD. 24. JÚNÍ 1903, BLS. 151.

ELDGOSID.

Svo segir frá Guðlaugur sýslum. Guðmundsson, er hér kom í gærkveldi, á amtsráðsfund, að maður frá Núpsstað, sonur bóndans þar, hafi gengið upp á Björninn, norður af Lómagnúp, á hvítasunnudag, og séð eldstöðvarnar þaðan í útnorður af Grænafjalli, milli þess og Hágangna. Eldurinn er þá í Skaftárjökli, en ekki Skeiðarár. Gosið heldur áfram og kemur annan og þriðja hvern dag. Öskufall nokkuð í Öræfum við og við, en ekki mikið. Skeiðarárhlaupið búið. Skeiðarársandur orðinn fær með hesta. En blautur enn og jakahrannir á honum víða.

32. REYKJAVÍK - 4.ÁRG. 32. TBL., FIMMTUD. 25. JÚNÍ 1903, BLS. 4.

ELDGOSID er í Skaftárjökli (ekki Skeiðarárjökli), milli Grænafjalls og Hágangna. Virðist vera í rénun. Hvergi öskufall til skemda. Skeiðarársandur orðinn fær eftir hlaupið.

33. ÞJÓDÓLFUR - 55. ÁRG. 26. TBL., FÖSTUD. 26. JÚNÍ 1903, BLS. 103.

ELDGOSID.

Það er nú talið áreiðanlegt, að stöðvar eldgossins eystra séu í Skaptárjökli milli Grænafjalls og Hágangna, en ekki í Skeiðarárjökli, eins og fyrst var ætlað. Hefur Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson, sem nú er nýkominn að austan skýrt svo frá, að gosunum haldi áfram annan og þriðja hvern dag, og að öskufall nokkurt hafi orðið í Öræfum, en lítt eða ekki á Síðunni. Úr Árnessýslu víða hafa menn séð reykjarmökkinn af gosinu og jafnvel eldgneistaflugið. Landskjálfta hafa menn enn ekki orðið varir við í sambandi við gos þetta.

34. NORDURLAND - 2. ÁRG. 40. TBL., LAUGARD. 27. JÚNÍ 1903, BLS. 159.

ELDGOSID. ÖSKUFALL EYSTRÁ.

Úr Norður-Múlasýslu er -Norðurl.- skrifað um eldgosid: Síðari hluta dagsins 28. maí varð á Fljótsdalshéraði ofanverðu, Jökuldal og víðar, vart við megra brennisteinssvælu, er barst með norðvestanstæðum vindi. Menn þóttust vita, að hún mundi stafa af eldgosu einhverstaðar á öræfunum. Til þess að fá frekari vitneskju um þetta, fór Eiríkur Guðmundsson bóndi á Brú í Jökuldal upp á heiðina, þangað sem séð varð til fjalla. Hann sá þá skýströk mikinn gjósa upp inni á hálendinu. Smástækkaði hann og barst svo yfir með vindinum. Upptökin voru að sjá sunnanvert við Kverkfjöllin, nálægt brúninni á Vatnajökli. Þetta sama kvöld varð vart við dálítið öskufall á Efri-Jökuldal og ofanverðu Fljótsdalshéraði. Aðfaranótt 29. maí, sérstaklega um morguninn snemma, féll talsverð aska. Hún barst aðallega út yfir heiðunum, er liggja milli Jökuldals og Vopnafjarðar, og féll á Jökuldal og austanverðan Vopnafjörð yfir úthérað og ofan í Borgarfjörð. Á fiskiskipi, sem var statt 10 mílur af sjó útundan Borgarfirði, varð vart við talsvert öskufall. Sumstaðar á þessu svæði varð svo dimt, meðan á öskufallinu stóð, að eigi sást fyrir gluggum. Á miðju svæðinu, er mökkinn leiddi yfir, svo sem á Smjörvatnsheiði, er askan mest og því meiri sem utar dregur. Á Jökuldal mun öskulagið hafa verið frá 1/8 - 1/4 þumli., og líkt í Vopnafirði og Jökulsárhlið, þó öllu meir eftir því sem utar dró, og jafnvel sagt, að lagið mundi hafa verið alt að þumlungs þykt á yztu bæjum austanvert við Vopnafjörð. Þ. 8. júní varð aftur vart við öskufall. Þá féll aska á

Jökuldal og Fljótsdalshéraði. Getur jafnvel verið, að það hafi verið oftar, því að þegar hvast er á þessum stöðvum, er loftið svo fult af fokösku, að það er eigi gott að greina. Í Jökulsá á Dal hefir verið fádæma vöxtur, sem án efa stafar meðfram af eldumbrotum í jöklinum eða rétt hjá honum. Askan er svört blágrýtisaska, án efa talsvert blönduð brennisteini. Sjálfsagt tefur askan mjög fyrir gróðri og grasvexti, einkum þar sem blautt var eða fannir voru, þegar hún féll, því að þangað fauk hún af blettunum, sem þurir voru orðnir, og er þar því miklu meiri nú en hún var upphaflega. Einkum á þetta sér stað í Jökuldalsheiðinni; þar var nálega enginn gróður kominn um miðjan júní, og var hún þó runnin að mestu fyrir nokkru. Óholl virtist mönnum askan fyrir búpening í fyrstu, einkum fyrir lömb, meðan hún var að fjúka til. En síðan fór að gróa betur, hefir eigi borið á því, þó að svo kunní að reynast eftir á.

35. ÞJÓÐVILJINN - 17. ÁRG. 26. TBL., ÞRIÐJUD. 30. JÚNÍ 1903, BLS. 104.

ELDGOSIÐ Í VATNAJÖKLI.

Sannfrétt er nú, að eldurinn er uppi í Skaptárfellsjökli milli Græna fjalls og Hágangna. Hélt gosunum áfram annan og þriðja hvern dag er síðast fréttist. Öskufall nokkurt hefur orðið í Örafum, en eigi til verulegra skemmda. Á Austfjörðum hafði einnig orðið talsvert öskufall á ýmsum stöðum og allmikill sandur féll á þilfarið á seglskipi einu, er kom frá útlöndum og var 30 mílur undan Langanesi. Skeiðarárhlaupið er nú búið og sandurinn orðinn slarkandi með hesta.

36. FJALLKONAN - 20. ÁRG. NR. 26, ÞRIÐJUD. 30. JÚNÍ 1903, BLS. 103.

MILLI FJALLS OG FJÖRU.

Eldurinn eystra kvað vera milli Græna fjalls og Hágangna, í Skaptárfjökli. Koma gosin annan og þriðja hvern dag. Hefir öskufallið komið í Örafum; þó ekki mikið. Í Múlasýslum hafði verið allmikið öskufall 8. þ.m. Skeiðarársandur kvað fær orðinn; en samt blautur og jakahrannir á honum.

37. HEIMSKRINGLA - 17. ÁRG. NR. 38, FIMMTUD. 2. JÚLÍ 1903, BLS. 4.

Island.

Eftir Norðurlandi, Akureyri. 9. Maí 1903.

Eldgos hafa Þingeyingar séð, sem talið er muni vera í Vatnajökli. Settur í samband við það, og sennilega með réttu, er sandur, sem kom á þilfarið á seglskipinu Carl um 30 mílur austur frá Langanesi á leið skipsins hingað. Skipstjórinn ætlaði með sandinn til Khafnar til þess að láta rannsaka hann þar efnafræðislega.

38. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 26, FIMMTUD. 2. JÚLÍ 1903, BLS. 1.

Fréttir frá Islandi.

Akureyri, 6. Júní 1903.

Eldgos hafa Þingeyingar séð, sem talið er að muni vera í Vatnajökli. Settur er í sambandi við það, og sennilega með réttu, sandur, sem kom á þilfarið á seglskipinu "Carl" um 30 mílur austur af Langanesi á leið skipsins hingað. Skipstjóri ætlaði með sandinn til Khafnar til þess að láta rannsaka hann þar efnafræðislega. - Norðurland.

39. NORDURLAND - 2. ÁRG. 41. TBL., LAUGARD. 4. JÚLÍ 1903, BLS. 162.

ELDGOSIÐ.

Um það eru fregnir í sunnanblöðunum; hefir mikið á því borið í Skaftafellssýslunum. Þar er fullyrt, að eldurinn sé í Grænafjalli, vestarlega í Skeiðarárjökli. Hlaup ákaflega mikið í Skeiðará og er sett í samband við eldgosið. Hús skulfu 26. maí í Svínafelli og Skaftafelli.

40. HEIMSKRINGLA - 17. ÁRG. NR. 39, FIMMTUD. 9. JÚLÍ 1903, BLS. 1.

Ísland.

Eftir Þjóðólfi Reykjavík, 12. Júní 1903.

ELDGOS. HLAUPIN SKEIÐARÁ.

Í Vatnajökli eða Skeiðarárjökli er eldur uppi. Úr Skaptafellssýslu sáust eldstrókkarnir fyrst 28. f. m., og gnæfðu hátt í loft upp, samfara miklum reykjarmökk, en brennisteinsfýlu afarsterka lagði um byggðina allt austur í Hornafjörð eða lengra. Á Austfjörðum varð vart öskufalls um þetta leyti eða nokkru fyr, og lengi hafa menn haldið, að eldur væri uppi í jöklinum. Þótt hann hafi ekki sézt fyrir en nú. Úr Öræfum hafði einkum verið mjög stórfenglegt, að sjá eldinn, og austan úr Hornafirði er skrifað, að þaðan að hafi eldurinn líkst stórkostlegum flugeldum.

Rétt áður en eldurinn sást eða 27. f.m. og aðfaranóttina 28. hljóp Skeiðará og er því sandurinn alófær. Kirkjubæjarklausturpóstur var þá kominn í Öræfin, og ætlaði hann að reyna að komast vestur yfir "á jökli", sem kallað er, en óvíst að það takist. Kona séra Ólafs Magnússonar að Sandfelli, sem nú er orðinn prestur í Arnarbæli, ætlaði landveg þaðan úr Öræfum suður, en varð að hætta við og fór austur á Hornafjörð og kom þaðan með Hólum 8. þ.m. Líklega verður Skeiðarársandur ófær langt fram eftir sumri.

41. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 27, FIMMTUD. 9. JÚLÍ 1903, BLS. 1.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 6. Júní 1903.

ELDUR UPPI OG SKEIÐARÁ HLAUPIN.

Skrifað er Ísafold 30. f.m. austan úr Mýrdal.

"Jón oddviti í Hemru Einarsson sá 28. þ.m. kl. 6 síðdegis mökk nokkurn rétt í landnorður frá honum, og eftir því sem áleið eða kringum kl. 11 var mökkurinn svo þykkur orðinn, að líkast var sem hann kæmi upp úr næstu hæðum í Tungunni. Gísli hreppstjóri í Þykkvabæjarklausturshjáleigu í Álftaveri sá einnig mökkinn um sama leyti og eldinn. Einnig sagði hann, að svo bjartur hefði hann verið að lýst eða speglað sig hefði hann í læk fyrir austan bæinn. Honum virtist eldurinn vera í átt yfir Keldunúpi að sjá heiman frá hjáleigunni. Einnig sást mökkurinn af Höfðabrekku-Háfelli. Telja menn líklegt, að eldurinn muni vera uppi annaðhvort framarlega í Vatnajökli eða ofarlega í Skeiðarárjökli.

Líklegt telja menn hér einnig, að Skeiðará sé hlaupin eða að hlaup sé í henni. Þeir hafa það til marks, að í morgun kl. 3 1/2 þegar farið var að afferma timburskip, sem lá hér fyrir utan í lygnum austan kalda, þá gerði svo mikinn vesturstraum, að skip með 16 mönnum við árar dreif það vestur, að þeir höfðu við illan leik í sand og voru rétt lentir vestan í urðina undir Reynisfjalli, með að eins tvo smáa timburbúlka aftan í sér, og tapaðist þó einn búlkinn alveg. Var að sjá sem hringiðu í á, og sjórinn

varð mórauður og megnan óðaun lagði af. Þorði timburskipið ekki annað en að taka sig upp og sigla til hafs, og var þó dauður sjór. - Kvöldið fyrir var nokkuð mikið austurfall.

Þessi mikli straumur mun ekki hafa staðið lengur en 2-4 kl.stundir.

Bátur fór út í botnvörpung nokkuru síðar og var þá lítill straumur. Botnvörpungurinn hafði séð vel eldinn utan af hafi.

Engar fréttir komnar síðan austan yfir Sand.

Þess skal getið, að í alt vor hefir bæði Skeiðará og Núpsvötn verið þur að kalla og hafa Örfingar ekki þorað út í Vík í kaupstaðarferð, ef vera kynni að hlaup kæmi á meðan og tepti þá fyrir vestan.

Stefán póstur Þorvaldsson frá Kálfafellskoti í Fljótshverfi segir, þann 27. þ.m. hafi Núpsvötnin verið farin að fljóta yfir farvegi sína.

Eftir ferðamanni úr Landbroti er reykjarmökkurinn að sjá frá Þykkvabæ fyrir framan Fossfjall á Síðu, og segir hann að jökulhlaupið í Skeiðará sé óvenjulega mikið - sýslumanni því hamlað frá að halda kjörþingið í austursýslunni, enda hafði hann skilið eftir umboð og kjörskrá í Örfum, þegar hann kom út um af manntasþinga-umreið sinni í þessum mánuði.

Ísafold.

42. ÞJÓDÓLFUR - 55.ÁRG. 28.TBL., FÖSTURD. 10. JÚLÍ 1903, BLS. 110 OG 111.

SKEIÐARÁRHLAUPIÐ.

ELDGOSIÐ Í SUNNANVERÐUM VATNAJÖKLI.

Á Urbanusmessudag 25. maí síðastliðinn hljóp Skeiðará. Hafði hún staðið inni (þ.e.: í jöklinum) allan síðari hluta vetrar og vors, það er að segja, hún hafði verið algerlega þur. En það er hún von að vera, áður en hún hleypur. Voru menn því alltaf að búast við hlaupinu í vor, og er það ekkert skemmtilegt, að ferðast yfir hinn nær 7 mílna breiða Skeiðarársand, og geta á hverju augnabliki búizt við að hlaupið komi á mann.- Síðast er Skeiðará hljóp veturinn 1897, var austanpósturinn nærri orðinn fyrir hlaupinu, og slapp nauðuglega vestur yfir Núpsvötnin, er voru að verða ófær. En nú var maður kominn fyrir 1/2 tíma heim að Skaptafelli - sá bær stendur í hálsi austan við sandinn - er hlaupið byrjaði, var það gamall maður á mögrum hesti, sem ekki hefði verið skjótur til undanhalds, og var því guðs mildi, að hann var kominn af sandinum. Hlaupið byrjaði á mánudag fyrir hvítasunnu, en á hvítasunnudag var það farið svo að réna, að póstur komst vestur yfir sandinn með fylgd tveggja valinna manna, Þorsteins Guðmundssonar og Stefáns Benediktssonar bænda í Skaptafelli. En þó hlaupið stæði eigi lengur en þetta, var það eitt með hinum stærstu og næsta ógurlegt, enda var eldgos því samfara í Skeiðarárjökli (?), sem optar hefur átt sér stað meira eða minna, er Skeiðará hleypur. Kom eldurinn upp norður og vestur af svokölluðu Grænafjalli, sem liggur norður af Eysrafjalli, var það fimmtudaginn 28. maí, jók það ei lítið vatnsflóðið, er jökullinn bráðnaði, leitaði það framrásar með svo miklu afli, að það sprengdi upp skriðjökulinn að framan og bar fram jökulstykki, sem eftir sögusögn póstsins eru yfir 60 feta há, en ofan á þeim eru svo aptur víða önnur 25-35 feta þykk; þekur þessi íshrönn nú margar mílur af Skeiðarársandi ofan frá jökli og fram til sjávar (c. 5 mílna veg), og sandinn fyrir framan Örfin austur á móts við Hof svo þétt, að ekki verður á milli komizt nema upp undir jökli. Eru

aðalhlaupin 4 fram úr jöklinum auk margra smærri, það austasta austur undir Öræfum, en það vestasta á svokallaðri Sigurðarfit, og er þá eptir 1/3 sandsins vestur að Lómagnúp, en voðahlaup var og í Núpsvötnunum, (sem eru vestast á sandinum), þó eigi fylgdi þar jökulhrönn. - Ógurlegast var hlaupið á fimmtudaginn og föstudagsnóttina, þá er eldgosið byrjaði og var mest. Vatnið spýttist upp um sprungurnar, er komu í jökulinn í háum súlum, en jörðin og öll hús í Skaptafelli og Svínafelli í Öræfum léku á reiðiskjálfi, og það svo, að rúður brotnuðu í glugga á Skaptafelli, en dynkirnir og smellirnir heyrðust alla leið austur í Hornafjörð, því vestanátt var. Um kveldið og nóttina lýsti svo af eldinum, sem steig hátt í lopt upp og leiptraði út úr reykjarmekkinum, að birtu sló á jörð og vötn alla leið út í Álptaver, og það kl. að ganga 11 um kveldið. Reykjarmökkinn lagði fram yfir Öræfin, huldust toppar fjallanna fyrir ofan Sandfell og Hof svörtum reykjarbólstrum, en blossar og eldingar leiptruðu út úr þeim fram yfir bæina, jafnframt skalf jörðin, er jökullinn var að springa og voru smellirnir meiri en nokkurt fallbyssuskot. Varð það sambland allt svo ógurlegt, að allt fólkíð í Sandfelli (séra Ólafur var sjálfur með tveim börnum sínum nýfarinn vestur) flýði austur að Fagurhólsmýri. Til allrar hamingju fylgdi þá eigi öskufall að mun mekki þessum, og eldgosinu vægði næsta dag, enda fór þá hlaupið að réna. - Einar bóndi Bjarnason í Skaptafelli, sem er orðinn gamall maður, segir þetta hlaup með þeim allra stærstu, sem komið hafi í sinni tíð, en hann er þar borinn og barnfæddur og hefur dvalið þar allan sinn aldur. Til að sýna vatnsmegnið og afl hlaupsins skal þess getið, að á laugardaginn fyrir hvítasunnu var verið að skipa upp úr timburskipi í Vík í Mýrdal í logni og dauðum sjó. Allt í einu umhverfðist sjórinn, varð kolmórauður og með svo sterkum vesturstraum, að uppskipunarskipið varð í snatri að losa allar festar frá skipinu. 16-18 menn reru því tómu fyrir timburfleka, sem húið var að mynda að nokkru leyti, er ólgan kom í sjóinn, en samt hrakti þá svo af straumnum, að þeir voru nærri komnir upp í urðina hjá Reynisfjalli, en þá slitnaði til allrar hamingju flekinn aptan úr skipinu, sem þeir ei höfðu viljað sleppa, björguðust þeir svo á tómu skipinu nauðuglega í land, upp í svokallaðan "bás" undir Reynisfjalli, en þá orðið ólendandi við sandinn vegna brimólgu. Timburflekinn hefur ekki sést síðan. Svona var krapturinn í hlaupinu mikill, og er þó afar langur vegur til Víkur austan af Skeiðarársandsfjörum. Meiri og minni reykjarmökkur hefur staðið upp úr eldvarpinu síðan. En í gærmorgun (10. júní) gaus upp ákaflega stórum reykjarmekki biksvörtum, sem óðfluga breiddist yfir mikinn hluta loptsins, en minnkaði þó aptur eptir nokkurn tíma, þó óx hann aptur síðar um daginn mjög mikið, ekki rigndi ösku úr honum hér á Síðunni, enda stóð norðvestan andvari nokkuð á móti honum. En í Fljótshverfi, einkum á Núpsstað, rigndi talverðum sandi, og mjög hætt við, að meira hafi kveðið að því í Öræfunum, því þar lagði mökkinn kolsvartan yfir. Nú í dag hefur mikið minna borið á honum, enda loptið verið fullt af öskumistri. Hvað úr þessu gosi kann að verða veit maður ekki, en vonandi er, að það geri engan verulegan óskunda.

Prestsbakka á Síðu 11. júní 1903.
Magnús Bjarnarson.

43. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 29, FIMMTUD. 23. JÚLÍ 1903, BLS. 3.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 13. Júní 1903.

ELDGOS Í SKEIÐARÁRJÖKLI.

Ritað er Ísafold af Síðunni 2. þ. m: Eldur uppi í suður af Grænafjalli,

vestarlega í jöklinum (Skeiðarárjökli). Hlaupið byrjaði í Skeiðará mánudag 26. maí síðdegis; miðvikud. seinnipart kom Súla fram, og síðari hluta fimtudags sást eldurinn, og var mestur þá næstu nótt, bjart hér í syðri byggðum, Álftaveri og Meðallandi. Hrönn ruddi Skeiðará fram upp á gamlan móð, mest miðvikudag og fimtudag. Þá skulfu hús í Svínafelli og Skaftafelli. Póstur kom hingað í gær; fór yfir sandinn hvítasunnudag; vegur nokkuð tvíbentur; á miðsandinum 2 vatnsföll, austur undir Háöldu og nálægt Sigurðarfit, hvort um sig eins og Skeiðará "í sparifötunum" c: í sumarflugi.

Fólk héðan ætlar í dag austur að Núpsstað og þaðan og inn í fjöll til að skoða stöðvarnar; þar logar enn vel; eg er hræddur um öskufall í Örafum í dag, því þangað er svartan bálk að sjá, og vindur er hvass að norðan. Nú erum við að búast við Kötlu þá og þegar, sami r.... undir þeim báðum systurum, og fyrir löngu orðin von á Kötlu.

Ísafold.

44. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 32, FIMMTUD. 13. ÁGÚST 1903, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 30. Júní 1903.

Eldurinn eystra kvað vera milli Grænafjalls og Hágangna, í Skaftárjökli. Koma gosin annan og þriðja hvern dag. Hefir öskufallið komið í Örafum, þó ekki mikið. Í Múlasýslum hafði verið allmikið öskufall 3 p.m. - Skeiðarársandur kvað fær orðinn; er samt blautur og jakahrannir á honum.

Fjallkonan.

45. INGÓLFUR - 1. ÁRG. 24. TBL., MÁNUD. 24. ÁGÚST 1903, BLS. 96.

ELDGOS:

Lausafregn hefir borist hingað um það, að eldur sé uppi á 3 stöðum í Vatnajökli, það filgir og með að Hekla muni vera í aðsigi, er það dregið af drunum, er heirst hafa í henni. Þessi fregn er þó óviss.

46. FJALLKONAN - 20. ÁRG. NR. 34, ÞRIÐJUD. 25. ÁGÚST 1903, BLS. 135.

MILLI FJALLS OG FJÖRU.

Úr Skaftafellssýslu m.a.

Eldurinn er þar alt af uppi, í suðurbrún Vatnajökuls; sést oft reykjarmökkur úr fremri byggðum (Meðallandi og Álftaveri), eldlitaður á nóttum. Við og við er móða niður í byggðir og brennisteinn sest á málma: gull verður eldrautt og silfur koparlítt. Annars gerir eldurinn engan óskunda þar, en um hann spinnast "tröllasögur" hér.

47. REYKJAVÍK - 4. ÁRG. 41. TBL., FIMMTUD. 27. ÁGÚST 1903, BLS. 4.

Eldurinn er þar alt af uppi, í suðurbrún Vatnajökuls.

48. FJALLKONAN - 20. ÁRG. NR. 37, MIDVIKUD. 16. SEPTEMBER 1903, BLS. 146.

Rangáv.sýslu (ofan til) 8. sept. '03.

Ekkert merkilegt að fréttu. Tíðin alt af þur og köld og rykugt loft og láð; afar-harðslægt og heyskapur okkar, harðlendismannana, með stírðara og rýrra móti. Vegna hinnar afar þuru veðráttu sumarið yfir hefir málnyta verið með minna móti og borið á slæmsku í kvíðam að mun, svo að sumstaðar hefir jafnvel drepist. Kenna menn um óhollustu á grasi og setja í samband við gosið í Vatnajökli.

49. VESTRI - 2. ÁRG. NR. 42, LAUGARD. 5. SEPTEMBER 1903, BLS. 170.

ELDUR hefir verið uppi við og við í allt sumar í suðurbrún Vatnajökuls. Blaðið "R.vík" segir að síðustu fregnir að austan segi drunur miklar í Heklu og óttist margir að það viti á gos.

50. LÖGBERG - 16. ÁRG. NR. 37, FIMMTUD. 17. SEPTEMBER 1903, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Úr Skaftafellssýslu er að fréttu sömu gæðatið og hér er og hefir verið, þó öllu vætusamari og að því leyti hentugri heyskapnum víðast þar. Grasvöxtur í meðallagi. - Eldurinn er þar alt af uppi, í suðurbrún Vatnajökuls; sést oft reykjarmökkur úr fremri byggðum (Meðallandi og Álftaveri), eldlitaður á nóttum. Við og við er móða niður í byggðir og brennisteinn sest á málma; gull verður eldrautt og silfur koparlitt. Annars gerir eldurinn engan óskunda þar, en um hann spinnast "tröllasögur" hér.

Fjallkonan.

51. SKÍRNIR 1903 (REYKJAVÍK 1904), BLS. 50.

Fréttir frá Íslandi 1903.

Ýmislegt. Eldgos varð um vorið í Skaftárjökli, og óskufall varð allmikið á Austfjörðum og í Skaftafellssýslu. Þá kom og jökulhlaup mikið í Skeiðará. Eigi varð neinn skaði að þessu.

52. ÍSAFOLD - 31. ÁRG. 7. TBL., LAUGARD. 13. FEBRÚAR 1904, BLS. 26.

FRÉTTAKAFLI AF SÍDUNNI, ritað 15. jan. '04. m.a.

Síðari hluta maímán. og fyrri hluta júní var hér sífeldur þurkur og rumba; varð grasvöxtur því í minna lagi, og þó einkum vegna þess, að eldurinn í Vatnajökli huldí oft hina vermandi vorsól þykkum reykjarmekki. Þetta hefði þó ekki orðið tilfinnanlegt tjón, hefði ekki ill vættur sótt sveitina heim. En það var maðkurinn.

og síðar m.a.

Taðan varð hjá sumum bændum helmingi minni en áður og 2/3 hjá öðrum. Af því leiðir tilfinnanleg fækkun á kúm hér í sveit. Sumarið var yfirleitt þurkasamt, dembur þó tíðar, en mjög hlýtt og þökkudu menn það brenninni miklu á jöklum uppi. Oft kom þar upp reykur svo mikill, að eystri helft sjóndeildarhringsins huldí um miðjan dag. Að nokkrum tíma liðnum gekk krapaskúr yfir, ærið dropastór, og gegnvætti heyið alt. Var að því mikill lagi.

og síðar m.a.

Ekki er eldurinn í jöklinum sloknaður enn, og þykir mönnum sem það verði varla vetrarlangt; eldsneytið virðist óþrjótandi. 12. þ. m. gengu tveir menn frá Hörgslandi á fjall. Urðu þeir seint fyrir og er þeir gengu eftir dal einum djúpum, sló sorta yfir svo miklum, að þeir sáu varla handa sinna skil. En er þeir komu upp á dalbrúnina, sáu þeir að sortinn kom úr þeirri átt, sem eldurinn var. Litlu síðar rofaði til í sömu átt; þótti þeim þá því líkast, sem árroða slægi yfir jökulinn allan, en það var eldurinn. Þetta var um kl. 9 að kveldi. Eru þeir menn til hér, sem þakka vilja eldinum mikla blíðviðri það, er staðið hefir svo lengi, en sjálfsagt er það ímyndun ein.

P

53. ÞJÓÐVILJINN - 18. ÁRG. 7. TBL., FÖSTUD. 19. FEBRÚAR 1904, BLS. 26.

ELDUR Í VATNAJÖKLI ENN.

Fregnir úr Skaptafellssýslum segja, að eldurinn í Vatnajökli, milli Hágangna og Grænafjalls, hafi enn eigi verið sloknaður nú um áramótin, og 12. janúar síðastl. gengu 2 menn frá Hörgslandi á fjall, og sáu eldinn, að því er "Ísafold" er skrifað þar að austan.

54. FJALLKONAN - 21. ÁRG. NR. 15, ÞRIDJUD. 12. APRÍL 1904, BLS. 59.

VEIKINDUM OG DREPI Í HESTUM hefir brytt á bæði í Landssveit í Rangárvallasýslu og Hreppunum í Árnassýslu. Hrossin bólgnu um liðamót á fótum, dragast svo upp og drepast. Gamlir menn segja veikindi þessi svipuð því, sem áður hefir borið á eftir eldgos; ætla margir því, að þau muni stafa af eldgosinu í fyrra. Ýmsir hafa líka þózt verða varir við bláa móðu á heyi, sem ekki hefir verið að venjast að undanfögnu. Í Landssveit voru nýlega dauð 3 hross og í Hreppunum 4. Því miður er dýralæknir ekki heima að þessu sinni til að rannsaka þetta efni.

55. FJALLKONAN - 21. ÁRG. NR. 18, ÞRIDJUD. 3. MAÍ 1904, BLS. 71.

Rangárvallas. 19. apríl 1904 m.a.

Aftur á móti hefir víða borið talsvert á kvillum og veiki í stórgripum, í kúm doði og önnur slæmska í kringum burð og einnig fjarri burði; hafa nokkrar drepist, en flestum orðið hjálpað. Og all-margir hestar, einkum gjafar eða innistöðuhestar, hafa veikst einkennilega, ok nokkrir drepist. 5 sagðir dauðir í Eystri-Hrepp, eitthvað í Hvoli-hreppi og ein 3 innigjafartryppi í Landsveit og fleiri mjög veikir þar. Veiki þessi lýsir sér að sögn þannig: Fyrst ber á magnleysi í fótum; hestarnir verða slittislegir, dettnir og mæðnir, ef nokkuð reynir á; draga þó ekki mjög kviðinn, ef þeir standa kyrrir, en eru strengdir. Bráðum hætta þeir að geta reist makkann hengja niður höfuðið og slettast til, ná ekki upp í vanalegan heystall, en eta alt niður fyrir sig; og etið geta þeir, að því er virðist, með beztu lyst, eins og heilir væru, alt þar til þeir drepast. Í köflum virðast þeir sem frískir, en taka stundum mikið út. Slær oft út um þá, en hósta hafa þeir ekki. Og er þeir eru dauðir og gerðir til, þá er als ekkert á þeim að sjá, nema að gollurhúsið er fult af vatni. Eigi kannast menn við þetta sem vanal. heysótt; en þó ætla margir, að veiki þessi komi af fóðrinu eða einhverri óhollustu í því frá síðasta sumri. Um þetta skal ekkert dæmt hér, en geta má þess, að sumstaðar hefir verið reynt, að skifta um fóður og gefa sjúklingum eldra

hey, og hefir þá heldur þótt léttu. En annars eru þeir sumir mjög lengi að dragast upp. Dýralæknir þarf að koma til og gera sitt til að bæta úr þessu fári.

56. FJALLKONAN - 21. ÁRG. NR. 21, MIDVIKUD. 25. MAÍ 1904, BLS. 83.

Rangárvallasýslu, 5. maí 1904 m.a.

Hrossunum, sem veikst hafa í Landsveit, er að batna smámsaman, og heyrast eigi, að fleiri sýkist þar eða annarstaðar.

57. LÖGBERG - 17. ÁRG. 22. TBL., FIMMTUD. 2. JÚNÍ 1904, BLS. 3.

Fréttir frá Íslandi.

Veikindum og drepi í hestum hefir brytt á bæði í Landsveit í Rangárvallasýslu og Hreppunum á Árnessýslu. Hrossin bólga um líðamót á fótum, dragast svo upp og drepast. Gamlir menn segja veikindi þessi svipuð því, sem áður hefir borið á eftir eldgos; ætla margir því, að þau muni stafa af eldgosinu í fyrra. Ýmsir hafa líka þótt verða varir við bláa móðu á heyi, sem ekki hefir verið að venjast að undanfögnu. Í Landssveit voru nýlega dauð 3 hross og í Hreppunum 4. Því miður er dýralæknir ekki heima að þessu sinni til að rannsaka þetta efni.

58. INGÓLFUR - 2. ÁRG. 33. TBL., SUNNUD. 7. ÁGÚST 1904, BLS. 132.

ELDUR UPPI.

15. júlí heyrðist duna mikil norður við Mívatn og í Reikjahverfi í Þingeyjarsýslu. Sama dag heyrðust dinkir austur við Djúpavog. Tveim dögum seinna, (sunnud. 17. júlí) féll aska þar eistra, svo að gerla mátti sjá á diskum er út voru bornir. Ókunnugt er enn, hvar eldgosíð er.

59. ÞJÓDVILJINN - 18. ÁRG. 32. TBL., FIMMTUD. 11. ÁGÚST 1904, BLS. 127.

ELDUR UPPI.

Duna mikil heyrðist að sögn norður við Mívatn og í Reykjarhverfi í Þingeyjarsýslu 15. f.m. Sama dag heyrðust og dinkir austur við Djúpavog. 17. f.m. féll aska þar eystra, svo vel mátti sjá á diskum, er út voru bornir. Ekki vita menn enn hvar eldgosíð er.

60. HEIMSKRINGLA - 18. ÁRG. NR. 48, FIMMTUD. 8. SEPTEMBER 1904, BLS. 4.

ISLAND. INGÓLFUR, TIL 7. ÁGÚST:

Eldur uppi. Duna mikil heyrðist við Mívatn og í Reykjarhverfi í Þingeyjarsýslu þ. 15. júlí. Sama dag heyrðust dinkir austur við Djúpavog. Tveim dögum síðar féll aska þar eystra, svo að gerla mátti sjá á diskum, er út voru bornir. Ókunnugt er enn hvar eldgosíð er.

61. NORDURLAND - 3. ÁRG. 50. TBL., LAUGARD. 10. SEPTEMBER 1904, BLS. 198.

DYMKUR heyrðist í sumar um alla Þingeyjarsýslu 19. júlí, hálfum mánuði á undan landskjálftanum, sem getið er um í Nl. í sumar. Hann var meiri að

heyra en fallbyssuskot, og menn hafa spurnir af því, að hann heyrðist á svæðinu frá Fnjóskárdal og austur að Jökulsá á Fjöllum. Veður var heiðskýrt.

62. AUSTRI - 14. ÁRG. 30 TBL., MÁNUÐ. 3. OKTÓBER 1904, BLS. 115.

Seyðisfirði 3. október 1904.

Öskufall var hér talsvert í gær.

63. LÖGBERG - 17. ÁRG. 42. TBL., FIMMTUD. 20. OKTÓBER 1904, BLS. 6.

Fréttir frá Íslandi.

Akureyri 10. Sept. 1904.

Dynkur heyrðist í sumar um alla Þingeyjarsýslu 19. Júlí, hálfum mánuði á undan landskjálftanum, sem getið er um í Nl. í sumar. Hann var meiri að heyra en fallbyssuskot, og menn hafa spurnir af því að, hann heyrðist á svæðinu frá Fnjóskardal og austur að Jökulsá á Fjöllum. Veður var heiðskirt.

64. LÖGBERG - 17. ÁRG. 44 TBL., FIMMTUD. 3. NÓVEMBER 1904, BLS. 1.

UM ENDILANGAN VATNAJÖKUL. Mánaðar útivist. m.a.

Ekki sáu þeir nein vegsummerki eldgossins frá í fyrra. En vestur af Grænafjalli í jökulröndinni og upp í jökulinn sáu þeir marga eldgíga, suma nýlega og mjög reglulega.

65. ÞJÓÐVILJINN - 18. ÁRG. 44. TBL., MÁNUÐ. 7. NÓVEMBER 1904, BLS. 174.

ELDUR UPPI.

Á Austfjörðum urðu menn varir við töluvert öskufall 2. okt. síðastl., svo að eldur virðist enn vera uppi, annað hvort í Vatnajökli, milli Hágangna og Grænafjalls, sem í fyrra, eða þá annars staðar í óbyggðum.

66. LÖGBERG - 17. ÁRG. NR. 46, FIMMTUD. 17. NÓVEMBER 1904, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Seyðisfirði, 3. Okt. 1904.

Öskufall var hér talsvert í gær.

Austri.

67. NORDURLAND - 4. ÁRG. 17. TBL., LAUGARD. 21. JANÚAR 1905, BLS. 67.

ELDUR er sagður uppi í Dyngjufjöllum. Fregnin ógreinileg, höfð eftir manni úr Bárðardal. Hann á að hafa sézt bæði úr Bárðardal og Mývatnssveit.

68. STEFNIR - 12. ÁRG. 16. TBL., LAUGARD. 28. JANÚAR 1905, BLS. 63.

ELDUR UPPI.

Mývetningar hafa sjeð eld á þrem stöðum í Dyngjufjöllum í vetur.

69. REYKJAVÍK - 6. ÁRG. 8. TBL., LAUGARD. 11. FEBRÚAR 1905, BLS. 30.

ELDUR er sagður uppi í Dyngjufjöllum. Fregnin ógreinileg, höfð eftir manni úr Bárðardal. Eldurinn á að hafa sést bæði úr Bárðardal og Mývatnssveit. "Nld."

70. ÞJÓÐVILJINN - 19. ÁRG. 7. TBL., FIMMTUD. 16. FEBRÚAR 1905, BLS. 25.

ELDUR UPPI.

Úr Bárðardal, og Mývatnssveit, hefir sézt eldur í Dyngjufjöllum, að því er skýrt er frá í blaðinu "Norðurland" 21. janúar síðastl.

71. INGÓLFUR - 3. ÁRG. 8. TBL., SUNNUÐ. 26. FEBRÚAR 1905, BLS. 32.

ELDGOS í Dyngjufjöllum, eftir því sem "Norðurl." hermir. Hafði eldurinn sést úr Bárðardal og Mývatnssveit.

72. LÖGBERG - 18. ÁRG. NR. 10, FIMMTUD. 9. MARZ 1905, BLS. 2.

Fréttir frá Islandi.

Akureyri, 21. Jan. 1905.

Eldur er sagður uppi í Dyngjufjöllum. Fregnin ógreinileg. Er höfð eftir manni úr Bárðardal. Hann á að hafa sézt bæði úr Bárðardal og úr Mývatnssveit.

Nl.

73. HEIMSKRINGLA - 19. ÁRG. NR. 22, FIMMTUD. 9. MARZ 1905, BLS. 1.

Island. Islandsblöð, fram til 9. febr. þ.á., eru nýkomin hingað vestur ("Þjóðviljinn", "Reykjavík", "Norðurl." og "Fjallkonan"), og eru þessar fréttir helztar í þeim:

Eldur hefir nýlega sést í Dyngjufjöllum, bæði úr Bárðardal og Mývatnssveit.

74. NORÐURLAND - 5. ÁRG. 10. TBL., LAUGARD. 18. NÓVEMBER 1905, BLS. 39.

JARÐSKJÁLFTI.-ELDGOS?

Á miðvikudagsnóttina var vöknudu menn hér í bænum við allsnarpa jarðskjálftakippi. Fyrsti kippurinn kom um kl. 1, annar um kl. 3. Varð þá enn hlé um stund. Um kl. 5 byrjuðu kippirnir aftur með litlum millibilum. Var sá kippurinn langsnarpastur sem kom kl. 5,10'. Á miðvikudagskvöldið sást roði á suðausturlofti um dagsetursleytið í stefnu af Vatnajökli eða Öskju, en ekkert hefir enn frést um eldgos. Vonandi að ekki verði mikil brögð að því.

75. DAGFARI - 1.ÁRG. 1. TBL., SUNNUÐ. 7. JANÚAR 1906, BLS. 3.

ELDUR UPPI, Í VATNAJÖKLI?

Sú fregn barst hingað að sunnan með landpóstinum, að líkur væru til þess, að eldur væri uppi í Vatnajökli. Hafa menn það fyrir sjer, að úr Lóni og víðar hefur í desember sjest bjarmi mikill yfir jöklinum en eigi vita menn nákvæmar um hvar í honum eldurinn er uppi,- ef svo er.

76. VÍNLAND - 4. ÁRG. NR. 11, JANÚAR 1906, BLS. 8.

Íslands Fréttir.

Á miðvikudagsnóttina 15. nóv. vöknudu menn á Akureyri við allsnarpa jarðskjálftakippi. Fyrsti kippurinn kom um kl. 1, annar um kl. 3. Varð þá enn hlé um stund. Um kl. 5 byrjuðu kippirnir aftur með litlum millibilum. Var sá kippurinn langsnarpastur sem kom kl. 5. Á miðvikudagskveldið sást roði í suðausturlofti um dagsetursleytið í stefnu af Vatnajökli eða Öskju, en ekkert hefir enn frézt um eldgos. Vonandi að ekki verði mikil brögð að því.

Norðurland.

77. AUSTRI - 16. ÁRG. 1. TBL., LAUGARD. 13. JANÚAR 1906, BLS. 2.

ELDUR UPPI.

Fjarðapóstur flutti þau tíðindi eptir Sunnanpósti að eldur væri uppi í Vatnajökli. Hefði pósturinn sjálfur séð bjarmann af eldinum. En eigi hefir orðið vart við jarðskjálfta eða öskufall þar syðra.

78. LÖGBERG - 19. ÁRG. 3. TBL., FIMMTUD. 18. JANÚAR 1906, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Akureyri 18. Nóv. 1905.

Á miðvikudagsnóttina var vöknudu menn hér í bænum við allsnarpa jarðskjálftakippi. Fyrsti kippurinn kom um kl. 3. Varð þá enn hlé um stund. Um kl. 5 byrjuðu kippirnir aftur með litlum millibilum. Var sá kippurinn langsnarpastur, sem kom kl. 5.10. -Á mánudagskveldið sást roði í suðurlofti um dagsetursleytið í stefnu af Vatnajökli eða Öskju, en ekkert hefir enn frézt um eldgos. Vonandi að ekki verði mikil brögð að því.

79. NORDRI - 1. ÁRG. 5. TBL., FÖSTUD. 2. FEBRÚAR 1906, BLS. 19.

Seyðisfjarðarbréf m.a.

Haft er eftir sunnanpósti, að eldur muni vera uppi í Vatnajökli.

80. BALDUR - 4. ÁRG. NR. 1, MIDVIKUD. 7. FEBRÚAR 1906, BLS. 1.

Úr bréfi úr Borgarfjarðarsýslu, 1. des. 05.

Nýkomin fregn að sunnan segir eldsumbrot í Heklu og hún muni vera í aðsigi með að gjósa, eða jafnvel byrjuð, slæmar afleiðingar hefur það í för með sjer einkum fyrir þá sem næstir búa.

81. ÞJÓDÓLFUR - 58. ÁRG. 6. TBL., FÖSTUD. 9. FEBRÚAR 1906, BLS. 22.

ELDUR UPPI (?).

"Austri" skýrir frá því 13. f.m., að póstur (til Seyðisfjarðar) hafi flutt þau tíðindi eptir sunnanpósti, að eldur væri uppi í Vatnajökli, og hefði pósturinn sjálfur (sunnanpósturinn) séð bjarmann af eldinum. Sé fregn þessi rétt, er ekki ósennilegt, að jarðskjálftakippirnir á Rangárvöllum standi í einhverju sambandi við þessi eldsumbrot. Hvergi hefur samt orðið vart við öskufall, að því er heyrzt hefur.

82. LÖGRÉTTA - 1. ÁRG. 8. TBL., MIDVIKUD. 14. FEBRÚAR 1906, BLS. 31.

Haldið er að eldur hafi verið uppi í Vatnajökli einhversstaðar um miðjan síðastl. mánuð. Austanblöðin segja að eldbjarmi hafi sjest frá jöklinum, og 13. f.m. fanst snöggur jarðskjálftakippur á Rangárvöllum.

83. VESTRI - 5. ÁRG. NR. 17, ÞRIÐJUD. 24. FEBRÚAR 1906, BLS. 67.

ELDUR UPPI.

Austan blöðin flytja þá fregn að eldur muni uppi í Vatnajökli, en ekki hafði þó orðið neitt vart landskjálfta eða öskufalls.

84. NORDURLAND - 5. ÁRG. 26. TBL., LAUGARD. 10. MARZ 1906, BLS. 105.

ELDUR er að sögn uppi í Vatnajökli. Þjarminn hefir sézt úr Skaftafellssýslu.

85. DAGFARI - 1. ÁRG. 25.-26. TBL., MÁNUD. 24. SEPTEMBER 1906, BLS. 5.

ÞRUMUR OG ELDINGAR.

Að kveldi hins 12. þ.m. voru svo miklar þrumur og eldingar hjer, að menn minnst eigi slíks síðan sumaríð 1875, þegar öskufallið mikla var hjer um Austurland.

86. LÖGRÉTTA - 3. ÁRG. 18. TBL., MIDVIKUD. 29. APRÍL 1908, BLS. 71.

ÚR MÝVATNSSVEIT er skrifað 8. þ.m.: "Þriðjudaginn 24. mars sást eldur í hásuðri frá Mýri í Bárðardal. Varð svo bjart í svefnhúsum, að fólk fór á fætur til að forvitnast um þetta. 30. mars sást reykjarmökkur frá Skútustöðum í hásuðri.

87. INGÓLFUR - 6. ÁRG. 18. TBL., SUNNUD. 3. MAÍ 1908, BLS. 71.

ELDUR UPPI.

Sagt er að sést hafi úr Mývatnssveit og Bárðardal eldblossar og reykjarmökkur í suðri um fyrri mánaðamót. Líklegast að eldur sé uppi í Vatnajökli, þótt ekki hafi þess vart orðið sunnanlands svo að frézt hafi.

88. REYKJAVÍK - 9. ÁRG. 19. TBL., ÞRIÐJUD. 5. MAÍ 1908, BLS. 75.

ELDUR er sagt að vera muni uppi í Dyngjufjöllum að haldið er. Logi og reykur kvað hafa sézt úr Mývatnssveit, og fiskiskip sem nýlega kom hér inn, hafði orðið vart við öskufall fyrir sunnan land.

89. ÞJÓÐVILJINN - 22. ÁRG. 21-22. TBL., LAUGARD. 9. MAÍ 1908 BLS. 87.

ELDUR er sagt að sést hafi úr Mývatnssveit og Bárðardal um mánaðarmótin fyrri. Haldið er, að eldur sé uppi í Vatnajökli.

90. INGÓLFUR - 6. ÁRG. 20. TBL., SUNNUD. 17. MAÍ 1908, BLS. 78.

SKEIDARÁ í Skaftárþingi hefir verið mjög vatnslítil um tíma og er búist við að hún hlaupi nú áður langt um líður. ÖSKUFALL hafa frakkneskir fiskimenn orðið varir við fyrir sunnan land um síðustu mánaðamót.

91. BALDUR - 5. ÁRG. NR. 9, LAUGARD. 30. MAÍ 1908, BLS. 1.

Frá Íslandi. Úr Mývatnssveit er skrifað 8. apr.: "Þriðjudaginn 24. marz sást eldur í hásuðri frá Mýri í Bárðardal. Varð svo bjart í svefnhúsum, að fólk fór á fætur til að forvitnast um þetta. 30. marz sást reykjarmökkur frá Skútustöðum í hásuðri".

92. LÖGBERG - 21. ÁRG. NR. 23, FIMMTUD. 4. JÚNÍ 1908, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 29. Apr. 1908.

Úr Mývatnssveit er skrifað 8. p.m.: "Þriðjudaginn 24. Marz sást eldur í hásuðri frá Mýri í Bárðardal. Varð svo bjart í svefnhúsum að fólk fór á fætur til að forvitnast um þetta. 30. Marz sást reykjarmökkur frá Skútustöðum í hásuðri.

93. HEIMSKRINGLA - 22. ÁRG. NR. 36, FIMMTUD. 4. JÚNÍ 1908, BLS. 1.

Íslands fréttir. Þann 24. marz sást eldur í hásuðri frá Mýri í Bárðardal. Varð svo bjart í svefnhúsum, að fólk fór á fætur til að forvitnast um þetta. Þann 30. sama mánaðar sást reykjarmökkur í hásuðri frá Skútustöðum.

94. LÖGBERG - 21. ÁRG. NR. 24, FIMMTUD. 11. JÚNÍ 1908, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 17. Maí 1908.

Skeiðará í Skaftárþingi hefir verið mjög vatnslítil um tíma og er búist við að hún hlaupi nú áður langt um líður.

Öskufall hafa frakkneskir fiskimenn orðið varir við fyrir sunnan land um síðustu mánaðarmót.

Ingólfur.

95. LÖGRÉTTA - 4. ÁRG. 4. TBL., MIDVIKUD. 27. JANÚAR 1909, BLS. 15.

Úr Mývatnssveit er skrifað 30/11: og segir þar m.a.

Sunnud. 27. sept. var dumbungsveður á landsunnan, mistur og mekkir, og roði mikill fyrir sólu, þegar sá til hennar. Var þetta líkast eldmóðu, enda þóttust menn verða varir við öskufall þennan dag, einkum fram til fjalla.

96. LÖGRÉTTA - 4. ÁRG. 31. TBL., LAUGARD. 19. JÚNÍ 1909, BLS. 123.

Mývatnssveit 22. maí 1909 m.a.

Öskufall halda sumir að hafi borist í austanroki hinn 4. þ.m., en full vissa mun eigi enn fyrir því.

97. LÖGBERG - 23. ÁRG. NR. 22, FIMMTUD. 2. JÚNÍ 1910, BLS. 7.

Fréttir frá Islandi.

Seyðisfirði, 16. Apríl 1910.

Hrossapest hefir gert vart við sig í Fljótsdal og allmargir hestar drepist. Segja læknar, að pestin stafi af eitruðu eltingarheyi.

98. FJALLKONAN - 27. ÁRG. 23. TBL., FIMMTUD. 23. JÚNÍ 1910, BLS. 91.

ÖSKUFALL.

Nýlega hefir orðið vart við öskufall í Skaftafellssýslu; aska sest í ull á kindum og spilt drykkjarvatni þar sem opin vatnsból voru. - Óvíst, hvar eldur er uppi, líklega norðan til í Vatnajökli.

99. SUDURLAND - 1. ÁRG. 2. TBL., FIMMTUD. 23. JÚNÍ 1910, BLS. 7.

ÖSKUFALL.

Í Landmannahreppi og víðar hér eystra hefir orðið vart við öskufall. Einkum þann 18. þ.m. Askar sást gróft á vatni og gerði hvítt fé dökkgrátt, sumstaðar. Eigi vita menn hvaðan aska þessi er kominn.

100. ÍSAFOLD - 37. ÁRG. 42. TBL., LAUGARD. 25. JÚNÍ 1910, BLS. 163.

ÖSKUFALL EYSTRÁ. ELDGOS Í VATNAJÖKLI?

Síðastliðinn laugardag varð vart við töluvert öskufall austur í sveitum, svo mikið, að fé varð kolótt. Hafa sumir Landmenn, sem hér eru á ferð, sagt svo mikil brögð að því, að hvítt fé hafi eigi þekst tilskyndar, svo kolótt hafi það orðið af öskufallinu. Ólafur Jónsson hreppstjóri í Austvaðsholti hefir sagt svo frá, að þetta öskufall sé meira talsvert en um árið, er Krakatindur í Heklu gaus. Eftir vindstöðunni telur Ólafur mest líkindi til, að askan muni komin úr suðvesturhluta Vatnajökuls. En engar eru fréttir komnar enn um eldgos þar, þótt öll séu líkindi til, að svo sé.

ÞRUMUR OG ELDBJARMI.

"Austur í Lóni varð vart við þrumur miklar og eldbjarma á lofti, nóttina fyrir 21. maí, rétt eftir að jörðin átti að fara gegnum halastjörnuhalann" ritar nýlega merkur maður austan að og bætir við, að fróðlegt væri að vita, hvort menn hafi tekið eftir slíkum fyrirbrigðum víðar um land. Vel getur þetta hafa verið venjulegt þrumu- og eldingaveður, sem raunar er fátítt mjög hér á landi, en altítt erlendis, einkum er miklir hitar ganga.

101. NORDURLAND - 10. ÁRG. 26. TBL., LAUGARD. 25. JÚNÍ 1910, BLS. 103.

ÖSKUFALL í landsveitum sunnan og austan. Álitið að stafi af eldi í Vatnajökli. (Símféttir)

102. LÖGRÉTTA - 5. ÁRG. 32. TBL., MIDVIKUD. 29. JÚNÍ 1910, BLS. 124.

ÖSKUFALL. Í Landmannahreppi og víðar í sveitunum austanfjalls segir Suðurl. að orðið hafi vart við öskufall, einkum 18. þ.m. Askan gerði hvítt fje dökkgrátt sumstaðar, og á vatni bar mikið á henni. Ekki segja þó ferðamenn að austan að vart hafi orðið eldsumbrota, eða til þeirra frjetst. En líklegt þykir, að askan sje komin frá Vatnajökli.

103. ÍSAFOLD - 37. ÁRG. 43. TBL., MIDVIKUD. 29. JÚNÍ 1910, BLS. 166.

ÞRUMUR OG ELDBJARMÍ.

Í síðasta blaði var getið um þrumuveðrið austur í Lóni aðfaranótt 21. maí. Nú herma dönsk blöði, að sömu nóttina hafi gert hið versta foraðsveður á Færeyjum. Þrumur og eldingar svo óvenjumiklar, að sjómenn sögðu á stundum loftið hafi verið eins og eldhaf. Eldsteinum (meteor) rigndi niður. Þetta kvöld var verið að halda þingmálafundi í eyjunum - en fólk varð svo hrætt, er þessi ósköp dundu á, að slíta varð samkomum víðast hvar.

104. ÞJÓÐÓLFUR - 62. ÁRG. 27. TBL., FÖSTUD. 1. JÚLÍ 1910, BLS. 107.

ÖSKUFALL. Í Landmannahreppi og víðar hér eystra hefir orðið vart við öskufall. Einkum þann 18. þ.m. Askan sást gróft á vatni og gerði hvítt fé dökkgrátt, sumstaðar. Eigi vita menn hvaðan aska þessi er komin. ("Suðurland").

105. VESTRI - 9. ÁRG. 35. TBL., FIMMTUD. 2. JÚLÍ 1910, BLS. 139.

Símfregnir

Öskufalls hefir orðið vart í Landmannahreppi og víðar eystra um miðjan f.m.

106. FJALLKONAN - 27. ÁRG. 25. TBL., ÞRIDJUD. 5. JÚLÍ 1910, BLS. 100.

ÖSKUFALLID. Þess varð vart fyrir skömmu í Mýdal og sumstaðar í hinum efri sveitum Rangárbings, með þeim hætti, sem getið var í síðasta blaði. Austur á Síðu hafði verið mistur mikið í lofti í það mund og þótti mönnum, sem af eldgosi stafaði. Ekki hefir þess þó vart orðið að öðru. Hafa menn búist við hlaupi úr Skeiðarárjökli og var allmikill vöxtur í Súlu; er hún eitt Núpsvatnanna, er falla vestanvert við sandinn.- Frá þessu hefir sagt Magnús prófastur Björnsson á Prestbakka. Er hann nýlega kominn austan.

107. INGÓLFUR - 8. ÁRG. 27. TBL., FIMMTUD. 7. JÚLÍ 1910, BLS. 107.

ÖSKUFALLS hefir nýlega orðið vart eystra í Skaftafells- og Rangárvallasýslum, og fleiri tákn þóttust menn sjá þess, að eldur mundi vera uppi.

108. ÞJÓÐVILJINN - 24. ÁRG. 31.-32. TBL., FÖSTUD. 8. JÚLÍ 1910, BLS. 126.

ÖSKUFALL.

Vart hefir orðið við öskufall í austur-sýslunum (Árness- og Rangárvallasýslum), og voru einna mest brögðin að því 18. júní síðastl. - Hvítt sauðfé varð dökkgrátt af öskunni, og aska sást á vatni, að því er segir í blaðinu "Suðurland".

109. AUSTRI - 20. ÁRG. 25. TBL., FIMMTUD. 14. JÚLÍ 1910, BLS. 90.

BRÉF TIL AUSTRÁ. Lóni (Austur Skaptafellssýslu) 16/5 1910 m.a.

Ekki heyrðist hér getið um neina halastjörnuhræðslu, eins og sumstaðar er sagt frá, en aðfaranótt hins 21. d. maímán. var mikið um þrumur og eldingar, og kváðust sumir hafa tekið eptir miklum eldsbjarma (á vesturlopti), og haft er það eptir einum öldruðum manni, að aldrei hafi hann lifað aðra eins skelfingarnótt. Þetta þrumuveður mun hafa gengið hér víða yfir nærlendis, þótt mest hafi kveðið að því undir háum fjöllum, og væri gaman að vita, hvort það hefir náð yfir aðra landshluta, og hvort þaðmuni hafa getað staðið í nokkru sambandi við halastjörnuna og rafmagnsstrauma, sem sagt er að stjörnufræðingar hafi haldið að fylgdi hala hennar.

110. LÖGBERG - 23. ÁRG. NR. 30, FIMMTUD. 28. JÚLÍ 1910, BLS. 5.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 25. Júní 1910.

Austur í Lóni varð vart við þrumur miklar og eldsbjarma á lofti nóttina fyrir 21. Maí, rétt eftir að jörð átti að fara í gegnum halastjörnuhalann. - Þetta ritar nýlega merkur maður austan að og bætir við, að fróðlegt væri að vita, hvort menn hafi tekið eftir slíkum fyrirbrigðum víðar um land.

Vel getur þetta hafa verið venjulegt þrumu og eldinga-veður, sem raunar er fátítt mjög hér á landi, en altítt erlendis, einkum er miklir hitar ganga.

Ísafold.

111. LÖGBERG - 23. ÁRG. NR. 30, FIMMTUD. 28. JÚLÍ 1910, BLS. 7.

Reykjavík, 29. Júní 1910.

Í Landmannahreppi og víðar í sveitunum austanfjalls segir Suðurl. að orðið hafi vart við öskufall, einkum 18. þ.m. Askan gerði hvítt fé dökkgrátt sumstaðar, og á vatni bar mikið á henni. Ekki segja þó ferðamenn að austan að vart hafi orðið eldsumbrota, eða til þeirra frézt. En líklegt þykir, að askan sé komin frá Vatnajökli.

Þjóðólfur.

112. HEIMSKRINGLA - 24. ÁRG. NR. 43, FIMMTUD. 28. JÚLÍ 1910, BLS. 4.

Íslands Fréttir.

Um 20. júní sl. varð vart við töluvert öskufall austur í sveitum (Skaptafellssýslum), svo mikið að fé varð kolótt, og urðu jafnvel svo mikil brögð að því, að hvítt fé þektist ekki tilsýndar, og öskulag víða á

jörðu. Allar líkur eru til, að öskufall þetta komi úr vesturhluta Vatnajökuls, og eru líkindi, að eldgos hafi átt sér þar stað.

113. LÖGBERG - 23. ÁRG. 31. TBL., FIMMTUD. 4. ÁGÚST 1910, BLS. 7.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 5. Júlí 1910.

Öskufalls varð vart nýlega í Mýrdal og sumstaðar í hinum efri sveitum Rangárþings, með þeim hætti, sem getið var í síðasta bl. Austur á Síðu hafði verið mistur mikið í lofti í það mund og þótti mönnum, sem af eldgosí stafaði. Ekki hefir þess þó vart orðið að öðru. Hafa menn búist við hlaupi úr Skeiðarárjökli og var allmikill vöxtur í Súlu; er hún eitt Núpsvatnanna, er falla vestanvert við sandinn. - Frá þessu hefir sagt Magnús prófastur Björnsson á Prestsbakka. Er hann nýlega kominn austan.

Fjallkonan.

114. ÞJÓDÓLFUR - 62. ÁRG. NR. 34, FÖSTUD. 19. ÁGÚST 1910, BLS. 135.

HVAD ER AD FRÉTTA?

Merkur maður undir Jökli segir svo í bréfi rituðu 13. p. m.: "Að kvöldi þess 5. p. m. og nóttina fram eftir milli p. 5. og 6. voru ógurleg eldumbrot í lofti, og var þetta fyrir mínum augum að sjá, ekkert annað en eldgos úr sjávarbotni. Þetta var aðallega á 3 stöðum: A. í S.A., S. í S.V. og í S.V. til V. Þessu fylgdi feikna undirgangur, er allur var að heyra neðan jarðar. Hljóðið var líkt og jörðin væri að hrynja undir fótum manns; stundum líktist hljóðið þungum sjávarnið, stundum líkt suðu eða snarki, líkt og þegar köldu vatni er helt á heitt járn". Hann getur og þess enn fremur í bréfinu, að hann hafi samið nákvæma skýrslu um þetta, er síðar yrði ef til vill birt, og að austasta línan hefði borið yfir Hafnarfjörð og Þorlákshöfn.

115. FRÆKORN - 11. ÁRG. 14. TBL., FÖSTUD. 26. ÁGÚST 1910, BLS. 112.

"Suðurland" nýja blaðið á Eyrarbakka, skýrir frá því að snjóinn hafi leyst óvanalega fljótt af Heklu, þegar litið sé til tíðarfarsins sem verið hefir, og séu því ýmsir hræddir um, að eldsuppkomu sé von.

116. VESTRI - 9. ÁRG. 44. TBL., LAUGARD. 3. SEPTEMBER 1910, BLS. 175.

MERKUR MADUR undir Jökli segir svo í bréfi rituðu 13. p.m.: "Að kvöldi þess 5. p.m. og nóttina fram eftir milli p. 5 og 6. voru ógurleg eldumbrot í lofti, og var þetta fyrir mínum augum að sjá ekkert annað en eldgos úr sjáfarbotni. Þetta var aðallega á 3 stöðum: A. í S.A., S. í S.V. og í S.V. til V. Þessu fylgdi feikna undirgangur, er allur var að heyra neðanjarðar. Hljóðið var líkt og jörðin væri að hrynja undir fótum manns; stundum líktist hljóðið þungum sjáfarnið, stundum líkt suðu eða snarki, líkt og þegar köldu vatni er helt á heitt járn". Hann getur og þess enn fremur í bréfinu, að hann hafi samið nákvæmlega skýrslu um þetta, er síðar yrði ef til vill birt, og að austasta línan hefði borið yfir Hafnarfjörð og Þorlákshöfn.

"þj."

117. FJALLKONAN - 27.ÁRG. 33.TBL., ÞRIDJUD. 6. SEPTEMBER 1910, BLS. 133.

ELDGOS.

Úr bréfi frá séra Magnúsi Bjarnarsyni á Prestsbakka, dags. 27/8-'10.

Herra ritstjóri!

Þér höfðuð eftir mér í vor, í yðar heiðraða blaði, að menn í Skaftafellssýslu væru hræddir um að eldur væri uppi í Vatnajökli. Nú er það áreiðanlega víst orðið. Bóndinn á Orustustöðum á Brunasandi, sá ásamt uppkomnum syni sínum, að kveldi þess 12. þ.m., er þeir komu seint heim af engjum (kl. var að ganga tólf), hvar eldur kom upp austan-halt við Seljalandsfjall að sjá frá þeim, norður í Vatnajökli og lagði upp á lopt. Var að sjá svo langa stund, sem hann logaði stilt, en svo smá dvínaði hann; en þá gaus upp annar eldslogi lítið eitt vestar, og lagði á lopt upp, varaði sú sýn þar til nokkru eftir að bóndi var heim kominn, og kallaði hann á konu sína, er var á fótum, út að sjá gosið. Leið full klukkustund, frá því eldurinn sást fyrst, og þar til að hann dvínaði aftur, enda fór fólkið þá að háttu. Þann 15. þ.m. var landnorðan vindur og urðu þá svört föt, er úti hengu grá af öskufalli á skamri stundu, og oft hefir mátt rekja slóðir manna og dýra á jörð, svo hefir hún verið full af dusti hér á Síðunni. Lopt hefir að jafnaði verið fullt af mekki, og "dömpum", sem sífelt koma upp í landnorðri og stafa að ætlun manna frá eldinum. Svo var það og, er síðast var eldur uppi í Vatnajökli, og Skeiðará hljóp. Skeiðará hefir ekki hlaupið enn, og gjörir máské ekki að þessu sinni, því að eldsuppkoman er vestar í jöklinum, en hún hefir verið að undanfórnu. En áin hefir verið ófær lengst af í sumar- og farin á jökli, og getur það að einhverju leyti staðið í sambandi við gosið.

118. GJALLARHORN - 4. ÁRG. 6. TBL., FIMMTUD. 8. SEPTEMBER 1910, BLS. 22.

Símað er frá Reykjavík, að í almæli sé, að eldgos hafi verið nýlega úr Vatnajökli.

119. ÞJÓÐÓLFUR - 62. ÁRG. 37. TBL., FÖSTUD. 9. SEPTEMBER 1910, BLS. 146.

ELDUR Í VATNAJÖKLI.

Austan af Síðu er skrifað 28. f.m.

Snemma í Ágúst fór að bera á öskufalli, og varð það stundum svo mikið, að hvít föt, sem úti voru, urðu gráhvít. Einn dag var alt loftið, fjölli og jöklar, og alt sem augað eygði, með svartbláum lit, þann dag féll mesta aska.- 18. Ágúst að kvöldi sást frá Orustustöðum eldstungur teygja sig upp í loftið að sjó í norðaustur, og stóð það yfir í fullan klukkutíma. Eldsliður hefir oft verið á austurlofti seinni hluta þessa mánaðar, og upp úr landnorðri þeytast daglega skýahnoðrar með furðu miklum hraða hver á eftir öðrum, sem breiðast svo út um loftið, og virðast þeir vera mest vatnsgufa. Í gærmorgun var sólin eins og eldhnöttur, og eins í gærkveldi (27. Ágúst). Tið er hér hagstæð, þurkar nú í fullan hálfan mánuð, grasvöxtur í fullu meðallagi.

Ferðamaður.

120. SUDURLAND - 1. ÁRG. 14. TBL., FIMMTUD. 15. SEPTEMBER 1910, BLS. 56.

ELDUR UPPI Í VATNAJÖKLI. Frést hefir að bóndinn á Orustustöðum í Brunasandi hafi ásamt öðrum fleiri, séð eldsuppkomu í Vatnajökli þ. 12.

ágúst. Síðan hefir talsvert orðið vart við öskufall þar eystra. Skeiðará hefir verið ófær í sumar, alt af verið farin á jökli, má vera að það stafi af eldsumbrotum þessum.

121. VESTRI - 9. ÁRG. 46. TBL., LAUGARD. 17. SEPTEMBER 1910, BLS. 181.

ELDGOS.

Síra Magnús Bjarnason á Prestsbakka ritar til "Fjallk." 27/8
þ.á.:

Herra ritstjóri!

Þér höfðuð eftir mér í vor, í yðar heiðraða blaði, að menn í Skaftafellssýslu væru hræddir um að eldur væri uppi í Vatnajökli. Nú er það áreiðanlega víst orðið. Bóndinn á Orustustöðum á Brunasandi, sá ásamt uppkomnum syni sínum, að kvöldi þess 12. f.m., er þeir komu seint heim af engjum (kl. var að ganga tólf), hvar eldur kom upp austanhalt við Seljalandsfjall, að sjá frá þeim norður í Vatnajökli og lagði upp á loft. Var að sjá svo langa stund, sem hann logaði stilt, en svo smá dvínaði hann; en þá gaus upp annar eldslogi lítið eitt vestar, og lagði á loft upp, varaði sú sýn þar til nokkru eftir að bóndi var heim kominn, og kallaði hann á konu sína, er var á fótum, út að sjá gosið. Leið full klst. frá því að eldurinn sást fyrst, og þar til að hann dvínaði aftur, enda fór fólkíð þá að háttá.

Þann 15. þ.m. var landnorðan vindur og urðu þá svört föt, er úti hengu grá af öskufalli á skamri stundu, og oft hefir mátt rekja slóðir manna og dýra á jörð, svo hefir hún verið full af dusti hér á Síðunni. Loft hefir að jafnaði verið fult af mekki og "dömpum", sem sífelt koma upp í landnorði og stafa að ætlun manna frá eldinum. Svo var það og, er síðast var eldur uppi í Vatnajökli, og Skeiðará hljóp. Skeiðará hefir ekki hlaupið enn, og gerir máské ekki að þessu sinni, því að eldsuppkoman er vestar í jöklinum, en hún hefir verið að undanfögnu. En áin hefir verið ófær lengst af í sumar - og farin á jökli, og getur það að einhverju leyti staðið í sambandi við gosið.

122. ÞJÓÐVILJINN - 24. ÁRG. 43. TBL., ÞRIDJUD. 20. SEPT. 1910, BLS. 170.

ELDUR Í VATNAJÖKLI.

Af Síðu er "Þjóðólfi" ritað 18. ágúst þ.á., að snemma í ágúst hafi farið að bera á öskufalli, er stundum hafi orðið svo mikil brögð að, að hvít föt, er úti voru, hafi orðið gráhvít, og einn daginn kvað öðrum dögum fremur enn meira af því. 18. ágúst sást frá bænum Orustustöðum, að eldtungur teygðu sig upp í loptið, og stóð svo í fullan klítíma. Eldbjarmi sást og opt á lopti seinni hluta ágústmánaðar.

123. GJALLARHORN - 4. ÁRG. 8. TBL., FIMMTUD. 22. SEPTEMBER 1910, BLS. 31.

ÖSKUFALL EYSTRÁ.

Seyðisfirði 22/9

Undanfarna daga hefir verið suðvestan-stormur og snarpastur í gær. Hefir fylgt honum mikið öskufall, og í gær svo mikið, að menn þykjast varla muna annað eins. Var svo dimt að ekki sá yfir Seyðisfjörð milli Vestdalseyrar og Búðareyrar. Sagt er, að svo mikið öskufall hafi orðið á Héraði, að þar sé sporrækt um alt. Fróðir menn fullyrða, að þetta sé eldfjallaaska, og þykir sennilegast, að hún komi frá Vatnajökli.

124. FRÆKORN - 11. ÁRG. 17. TBL., FÖSTUD. 23. SEPTEMBER 1910, BLS. 136.

ELDGOS.

Séra Magnús Bjarnason Prestbakka skrifar 27. f.m. Ben. Sveinssyni eins og hér segir (tekið eftir Fjk. 6. sept): "Bóndinn á Orustustöðum á Brunasandi, sá ásamt uppkomnum syni sínum, að kveldi þess 12. þ.m., er þeir komu seint heim af engjum (kl. var að ganga tólf), hvar eldur kom upp austan-halt við Seljalandsfjall að sjá frá þeim, norður í Vatnajökli og lagði upp á loft. Var að sjá svo langa stund, sem hann logaði stílt, en svo smá dvínaði hann; en þá gaus upp annar eldslogi lítið eitt vestar, og lagði á loft upp, varaði sú sýn þar til nokkru eftir að bóndi var heim kominn, og kallaði hann á konu sína, er var á fótum, út að sjá gosið. Leið full klukkustund, frá því að eldurinn sást fyrst, og þar til hann dvínaði aftur, enda fór fólkið þá að háttá.

Þann 15. þessa mánaðar var landnorðan vindur og urðu þá svört föt, er úti hengu, grá af öskufalli á skamri stundu, og oft hefir mátt rekja slóðir manna og dýra á jörð, svo hefir hún verið full af dusti hér á Síðunni. Loft hefir að jafnaði verið fult að mekki og "dömpum", sem sífelt koma upp í landnorði og stafa að ætlun manna frá eldinum. Svo var það og er síðast var eldur uppi í Vatnajökli, og Skeiðará hljóp. Seiðará hefir ekki hlaupið enn, og gjörir maske ekki að þessu sinni, því að eldsuppkoman er vestar í jöklinum, en hún hefir verið að undanfögnu. En áin hefir verið öfær lengst af í sumar - og farin á jökli, og getur að einhverju leyti staðið í sambandi við gosið".

125. REYKJAVÍK - 11.ÁRG. 43.TBL., LAUGARD. 24. SEPTEMBER 1910, BLS. 163.

ELDUR UPPI Í DYNGJUFJÖLLUM. Í fyrradag var landátt á Seyðisfirði (eystra) og var öskufall jafnt og þétt þar þann dag. Kunnugir ætla eldinn vera í Dyngjufjöllum (syðri).

126. AUSTRI - 20.ÁRG. 33. TBL., LAUGARD. 24. SEPTEMBER 1910, BLS. 123.

HVASSVIDRI OG ÖSKUFALL.

Þriðjudag og miðvikudag s.l. var all-mikið hvassveður af suðvestri hér eystra og fylgdi því ösku- eða sandfok mikið, svo að víða dimmdi að töluvert. Höfum vér heyrt að öskufallið hafi verið svo mikið á Héraði og Vopnafirði sumstaðar að sporrækt hafi verið. Í hvassviðri þessu hafði fokið allmikið af heyi í Héraði mest í Jökulsárhlíð.

127. LÖGRÉTTA - 5. ÁRG. 47. TBL., MIDVIKUD. 28. SEPTEMBER 1910, BLS. 180.

ELDGOS Í DYNGJUFJÖLLUM. Þar er haldið, að eldur hafi verið þar uppi nú fyrir skömmu. Síðastl. fimtudag var öskufall á Seyðisfirði og stóð vindur þá af landi. Líklega hefur einnig stafað þaðan öskufallið um Suðurland í sumar.

128. ÞJÓDVILJINN - 24.ÁRG. 44.-45.TBL., MIDVIKUD. 28. SEPT. 1910 BLS. 177.

ELDUR UPPI.

22. sept. þ.á. urðu menn í Seyðisfjarðarkaupstað varir við öskufall. Gizkað er á, að því er blaðið "Reykjavík" segir, að eldurinn sé uppi í syðri Dyngjufjöllum.

129. LÖGBERG - 23. ÁRG. NR. 39, FIMMTUD. 29. SEPTEMBER 1910, BLS. 2.

Fréttir frá Íslandi.

Reykjavík, 6. Sept. 1910.

Séra Magnús á Prestbakka skrifar Fjallkonunni á þessa leið 27. Ágúst: - "Þér höfðuð eftir mér í vor í yðar heiðraða blaði, að menn í Skaftafellssýslu væru hræddir um að eldur væri uppi í Vatnajökli. Nú er það áreiðanlega víst orðið. Bóndinn á Orustustöðum á Brunasandi sá ásamt uppkomnum syni sínum, að kveldi þess 12. þ.m., er þeir komu seint heim af engjum (kl. var að ganga 12), hvar eldur kom upp austanhalt við Seljalandsfjall að sjá frá þeim, norður í Vatnajökli og lagði upp á loft. Var að sjá svo langa stund, sem hann logaði stilt, en svo smá dvínaði hann; en þá gaus upp annar eldslogi lítið eitt vestar og lagði á loft upp; varaði sú sýn þar til nokkru eftir að bóndi var heim kominn, og kallaði hann konu sína, er var á fótum, út að sjá gosið. Leið full klukkustund frá því að eldurinn sást fyrst og þar til að hann dvínaði aftur, enda fór fólk þá að háttu.

Þann 15. var landnorðan vindur og urðu þá svört fót, er úti hingu grá af öskufalli á skammri stundu, og oft hefir mátt rekja slóðir manna og dýra á jörð, svo og stafa að ætlan manna frá eldinum. Svo var það og, er síðast var eldur uppi í Vatnajökli og Skeiðará hljóp. Skeiðará hefir ekki hlaupið enn, og gerir máske ekki að þessu sinni, því að eldsuppkoman er vestar í jöklinum, en hún hefir verið að undanfögnu. En áin hefir verið ófær lengst af í sumar - og farin á jökli og getur það að einhverju leyti staðið í sambandi við gosið."

Fjk.

130. ÞJÓÐÓLFUR - 62. ÁRG. 42. TBL., FÖSTUD. 30. SEPTEMBER 1910, BLS. 165.

ELDGOS Í DYNGJUFJÖLLUM.

Það er haldið, að eldur hafi verið þar uppi nú fyrir skömmu. 22. þ.m. var öskufall á Seyðisfirði og stóð vindur þá af landi. Líklega hefir einnig stafað þaðan öskufallið um Suðurland í sumar.

131. INGÓLFUR - 8. ÁRG. 39. TBL., FÖSTUD. 30. SEPTEMBER 1910, BLS. 157.

ELDGOS Í DYNGJUFJÖLLUM. Það er haldið, að eldur hafi verið þar uppi nú fyrir skömmu. Síðastl. fimtudag var öskufall á Seyðisfirði og stóð vindur þá af landi. Líklega hefur einnig stafað þaðan öskufallið um Suðurland í sumar.

132. FJALLKONAN - 27. ÁRG. 38. TBL., ÞRIDJUD. 4. OKTÓBER 1910, BLS. 150.

KVIKSÖGUR UM ELDGOS. ENGINN ELDUR UPPI Í DYNGJUFJÖLLUM.

Í sumar kom smágrein í "Suðurland" um það, að mönnum hefði þótt snjóa leysa furðu fljótt úr Heklu og þætti sumum, sem það kynni að boða eldsuppkomu í fjallinu. Þessi sögusögn var svo tekin upp í nokkur blöð hér. Því næst barst hún til útlanda og varð að ógurlegu eldgos í dönskum blöðum og hörmungum og skelfingum "hinna innfæddu" lýst með átakanlegum orðum. Sagt, að Suðurlandsundirlendið væri alt í stórvoða af hraunflóðinu o.s.frv. Nú er kominn upp eldur í öðrum stað- á pappírnum, sem líklega verður ekki síður skelfilegur norðanlands og austan, heldur en Heklugosið hér sunnanlands. Blaðið "Reykjavík" gat þess um daginn, að öskufall hefði verið á Seyðisfirði jafnt og þétt allan þriðjudaginn 20.

f.m. Veður hafi verið af suðvestri og muni öskufallið stafa frá Dyngjufjöllum (syðri). Frásögn þessi var síðan tekin upp í ýms blöð hér og getgátan um ed í Dyngjufjöllum smámsaman ákveðnar. Loks flytur síðasta blað "Ingólfs" smágrein með fyrirsögn "Eldgos í Dyngjufjöllum" og getur þess, að "líklega hafi einnig stafað þaðan öskufallið um Suðurland í sumar". Þetta Dyngjufjallagos er því á góðum vegi að verða viðlíka stórfenglegt, sem "Heklugosið" og verður víst ekki dregið úr þegar fregnirnar berast yfir pollinn.

En sem betur fer eru þessar sögusagnir ekkert annað en örökstuddar getgátur.- Enginn maður hefir orðið var við eldgos í Dyngjufjöllum í sumar og þar voru engin eldsumbrot orðin 13. sept. s.l. þegar menn höfðust við þar í fjöllum og voru einmitt að rannsaka eldvörpin frá 1875.- Engin eldsumbrot voru heldur í Kverkfjöllum um miðjan mánuðinn þegar sömu menn komu þangað og hvergi urðu þeir varir þess, að eldur væri uppi á þeim slóðum. Það er því áreiðanlegt, að öskufallið sunnanlands stafar ekki frá Dyngjufjöllum og engar líkur til að þar hafi komið upp eldur 20. september, enda blasa fjöllin svo við bygðum (Mývatnssveit og Bárðardal) að ekki liggur í láginni ef þar er eldur uppi. "Austri" getur um öskufallið eystra 20. og 21. f.m. er nefnir ekki á nafn Dyngjufjallagos, enda var veðurstaða suðlægari en svo, að líkur væri til, að askan stafaði þaðan. Hitt vita menn með vissu, að eldur hefir verið uppi í sumar í Vatnajökli vestantil og er þá sennilegast, að askan hafi komið þaðan, ef hún hefir stafað af nýju gosi, sem líklegast er.- Þó eru þess dæmi, að öskudust berst ofan af öræfum í ofsaveðrum, þótt ekki sé eldur uppi. Er það gömul aska sem þyrlast upp í stórvíðrum.

133. ÞJÓDÓLFUR - 62. ÁRG. 43. TBL., FÖSTUD. 7. OKTÓBER 1910, BLS. 169.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

UPP Á KALDBAK. Kaldbakur heitir hæsta fjallið á Síðunni, það er 732 metrar á hæð. Þeir sr. Magnús Bjarnarson próf. á Prestsbakka og Einar Jónsson málari fóru upp á það 29. ág. síðastl. Um útsýnið þar ritar Einar Jónsson oss á þessa leið: "Útsýni þar er hið fegursta, er eg hefi séð; sést þaðan alla leið vestur til Heklu, milli Mýrdalsjökuls og Torfajökuls. Þaðan sér maður þá fögru sjón, að sjá yfir alla Síðuna með alt sitt skraut. Til austurs sést alla leið yfir Ingólfsstöð, Öræfajökull og Skeiðarársandur með öllum vötnum. En til landnorðurs sést langt norður á hinn kuldalega Vatnajökul, en þetta skifti var honum volgt fyrir brjóstinu, því hann þúaði jafnt og stöðugt ferlegum reykjarmökk upp úr sínu mikla blástursholi. Það hefir í alt sumar lifað þar í glæðunum. 14. þ.m. varð loftið hér svo svart sem bik væri, og þegar það hið dimma ský fór yfir Lómagnúp, var til að sjá eins og væri hálförökvað, en fyrir austan blasti Öræfajökull við í glaða sólskini, og var það einkennileg og fögur sjón alt saman".

134. ÞJÓDVILJINN - 24.ÁRG. 46.-47.TBL., MIDVIKUD. 12. OKT. 1910 BLS. 186.

ELDGOS Í VATNA-JÖKLI.

Í blaðinu "Þjóðólfur" er skýrt frá því 7. þ.m. (okt.), að síra Magnús Bjarnarson á Prestbakka og Einar málari Jónsson hafi gengið upp á fjallið Kaldbak, hæsta fjallið á Síðunni, og skrifar Einar ritstjóra "Þjóðólfs" um ferð þessa sem hér segir: "Útsýni þar er hið fegursta, er eg hefi séð sést þaðan alla leið vestur til Heklu, milli Mýrdalsjökul og Torfajökuls. Þaðan sér maður þá fögru sjón, að sjá yfir alla Síðuna með allt sitt skraut. Til austurs sést alla leið yfir Ingólfsstöð, Öræfajökull og

Skeiðarársandur með öllum vötnum. En til landnorðurs sézt langt norður á hinn kuldalega Vatnajökul, en þetta skipti var honum volgt fyrir brjóstinu, því hann þúaði jafnt og stöðugt ferlegum reykjarmökk upp úr sínu mikla blástursholi. Það hefur í allt sumar lifað þar í glæðunum. 14. þ.m. varð loftið hér svo svart sem bik væri, og þegar það hið dimma ský fór yfir Lómagnúp, var til að sjá eins og væri hálförökkvað, en fyrir austan blasti Öræfajökull við í glaða sólskinu, og var það einkennileg og fögur sjón allt saman".

135. VESTRI - 9. ÁRG. 49. TBL., LAUGARD. 15. OKTÓBER 1910, BLS. 195.

ÖSKUFALL EYSTRÁ.

Af Seyðisfirði er ritað 29. f.m.: Undanfarna daga hefir verið suðvestanstormur og snarpastur í gær. Hefir fylgt honum mikið öskufall, og í gær svo mikið, að menn þykjast varla muna annað eins. Var svo dimt að ekki sá yfir Seyðisfjörð milli Vestdalseyrar og Búðareyrar. Sagt er að svo mikið öskufall hafi orðið á Héraði, að þar sé sporrækt um alt. Fróðir menn fullyrða, að þetta sé eldfjallaaska, og þykir sennilegast, að hún komi frá Vatnajökli.

("Gjh.")

136. VESTRI - 9. ÁRG. 51 TBL., FIMMTUD. 20. OKTÓBER 1910, BLS. 204.

Öndvegistið hefir verið hér síðasta hálfan mánuð; stöðug sunnanátt með þýðviðri; jörðin alauð, enda hefir leyst snjó til fjalla. Er langt síðan jafn mild haustveður hafa verið hér, - því sunnanátt er mjög sjaldgæf þó á sumri sé. Mistur hefir verið mikið í lofti undanfarna daga og halda margir að það stafi af eldgosi og þakka því góðvirðið.

Eru bændur nú hressari í huga, þrátt fyrir ýmis áföll er verið hafa og taka margir undir með Stephani G. Stephanssyni er hann kveður:

"Ég í huga sé og syng
sumardrauma alt um kring,
út að fjarsta aldahring
þar sem yztu vonir blána".

137. HEIMSKRINGLA - 25. ÁRG. NR. 4, FIMMTUD. 27. OKTÓBER 1910, BLS. 1.

Íslands Fréttir.

Eldur er uppi í Dyngjufjöllum og hefir öskuryk talsvert borist þaðan um sveitir í grend. Barst yfir í Seyðisfjörð 22. sept. sl. - Sum blöð segja eldinn vera í Vatnajökli. Eldtungur hafa sézt teygja sig í loft upp og viðvara í 2 klukkustundir.

138. SUDURLAND - 1. ÁRG. 21. TBL., FIMMTUD. 3. NÓVEMBER 1910, BLS. 84.

ÖSKUFALL. Síðustu 12 dagana af október hefir orðið vart við öskufall hér eystra. Í Villingaholtshreppi er oss sagt að sauðfé sé blágolsótt, og er það kent öskufalli.

139. ÞJÓÐVILJINN - 24.ÁRG. 51.-52.TBL., MIDVIKUD. 9. NÓV. 1910, BLS. 206.

ÖSKUFALL.

Öskufall varð svo mikið í Seyðisfjarðarkaupstað 21. sept. síðastl., að

dimmt varð, og sást eigi frá Búðareyri að Vestdalseyri. Sporrækt varð og af öskufalli á sumum stöðum í Fljótisdalshéraði. Ætlað er, að öskufallið stafi af eldgosi í Vatnajökli.

140. FJALLKONAN - 27.ÁRG. 45.TBL., ÞRIDJUD. 22. NÓVEMBER 1910, BLS. 178.

ÖSKUFALL. "Suðurland" segir, að vart hafi orðið öskufalls þar eystra 12 síðustu daga októbermánaðar.- Um þær mundir varð vart við öskufall vestur í Helgafellssveit.- Vafalaust stafar öskufall þetta frá gosinu í Vatnajökli, því að engar líkur vita menn til þess, að eldur sé uppi víðar.

VEDURFARSBÆKUR DÖNSKU VEDURSTOFUNNAR

141. VEDURFARSBÓK D.M.I. MAÍ 1903.

SAUDANES 29. MAÍ 1903.

Den 29. d. Himlens Farve brunlig-gul, fornemmelig i Syd. Temmelig stærk Askeregn i Vopnafjord og Fljótisdalshérað.

142. VEDURFARSBÓK D.M.I. JÚNÍ 1903.

MÖDRUDALUR 8. JÚNÍ 1903.

Öskufall úr Skaftafellsjökli.

143. VEDURFARSBÓK D.M.I. JÚNÍ 1903.

MÖDRUDALUR 9. JÚNÍ 1903.

Aftur öskufall úr Skaftafellsjökli minna.

144. VEDURFARSBÓK D.M.I. OKTÓBER 1908.

NEFBJARNARSTADIR 12. OKTÓBER 1908

Dis.- Eller rettere: Aske. Varede kun omtrent 15 Min. Vindáttir kl. 8 SV 1; kl. 14 VSV 1; kl. 21 VSV 2.

DÖNSK DAGBLÖD

145. BERL. TIDENDE, MORGEN, ÞRIDJUD. 2. JÚNÍ 1903, BLS. 2.

VULKANUDBRUD PAA ISLAND. (R.B.)

Kirkval, 1ste Juni. Damptrawleren "City of London", der har været paa Fiskeri ved Island, er idag ankommen hertil og bringer Meddelelse om et vulkansk Udbrud, der har fundet Sted paa Island Onsdag og Torsdag i forrige Uge. Trawleren fiskede i nogen Afstand fra Island, da der hörtes et stærkt Knald. Kort Tid efter viste der sig en lille Sky tilsyneladende

af Ild og Røg, der tydede paa, at der havde fundet et Vulkanudbrud Sted. Havet lignede Sæbeskum i en Omkreds af 30 engelske Mil. Fra det Øjeblik, at Udbrudet havde fundet Sted, fangede trawleren ikke en Fisk.

146. BERLINSKE TIDENDE, AFTEN, ØRIDJUD. 9. JÚNÍ 1903, BLS. 3.

VULKANSK UDBRUD PAA ISLAND.

Dampskibet "Krystal", der ifølge Riz. Bur. i Tirsdags ankom til Stavanger paa Reise fra Island, meddeler, at der den 28de Maj har fundet Askeregn Sted, formentlig stammede fra et vulkansk Udbrud paa Sydvestlandet.

147. BERLINSKE TIDENDE, AFTEN, FIMMTUD. 8. OKTÓBER 1903.

GENERALSTABENS ARBEJDER PAA ISLAND.

Iøvrigt er der blevet foretaget Detailmaaling paa Sydlandet, hvorved Strækningen fra Papos til Öræfajökul, omtrent 90 km., er bleven kortlagt.

Hvad Vejret angaar, da have Arbejderne været en Del generede af Regn, Taage og askefyldt Luft. Dette sidste skyldtes de store, vulkanske Udbrud, der fandt Sted i Vatnajökul fra Slutningen af Maj Maaned og vedvarede med Afbrydelser og forskellig Styrke i Løbet af Sommeren.

148. BERLINSKE TIDENDE, MORGEN, ØRIDJUD. 19. APRÍL 1904.

FRA NABOLANDENE.

Askeregn i Norge. (R.B.) Skien, 18de April. Fra Haukelids Sæter meldes til "Varden", at der Fredag Eftermiddag faldt Askeregn; der laa et 2 Tommer tykt Lag paa Sneen. Luften var noget formørket, saalænge Regnen varede.

149. BERLINSKE TIDENDE, AFTEN, SUNNUD. 15. MAÍ 1906.

"HEKLA" S UDBRUD.

Vulkanen "Hekla" har, som telegrafisk meddelt, nylig været i stærk Virksomhed, og herom bringer, ifølge, "Hamb. Nachr", en til Bremerhaven fra Islandsfiskeri i forrige Uge hjemvendt Fiskedamper følgende nærmere Efterretninger.

Skibet fiskede paa Banker udfor Sydkysten, og Udbrudet virkede meget generende for Fiskerne paa Grund af den store Mængde nedfaldene Aske, der bl. a. forhindrede Fløjene paa Mastetoppene i at dreje sig, ligesom Skiverne maatte tages ud af Blokkene for at fjerne Lavastöv, for at Skiverne atter kunde gaa rundt. Der faldt overhovedet saa megen Aske og Stöv paa Dækket, at Arbejdet paa dette i høj Grad vanskeliggjordes.

NORSK BLÖD

150. VARDEN, MÁNUDAG 18. APRÍL 1904.

ASKEREGN PAA HAUKEIDSÆTER.
Telefonmelding til "Varden".

Haukelidsæter idag.

Der har i Vinter været forholdsvis lidet Sne, indtil Paasketider, da vi fik et stort Snefald. Og siden har det sneet jefnlig.

Hvis Veiret blir heldigt herefter, er der Grund til at tro, at Veien over Haukeli vil bli farbar for Turister noksaa tidlig.

Fredag Eftermiddag faldt her en Askeregn. Da den ophørte, laa der et ca. to Tommer tykt Askelag paa Sneen, saa dennes Overflade var ganske sort. Luften var noget formørket, saalænge Askeregnen varede.

(Askeregn dannes af det fine pulver, som under vulkanske Udbrud ofte i uhyre Mængder udstødes gennem Krateret. Den fine Aske kan af Vinden føres langt væk; da man antager Partiklerne i flere Maaneder kan holde sig svævende i Atmosfærens højeste Egne. Her i Norge er der af og til faldt Aske, som stammede fra vulkanske Udbrud paa Island).

FÝSK BLÖD

151. NEUE PREUSSISCHE ZEITUNG, ABEND, NR. 338 BERLIN, MITTWOCH DEN 22. JULI 1903.

(Ueber vulkanische Ausbrüche auf Island im Mai 1903) berichtet ein von Island zurückfahrender Fischdampfer (nach den Mitteilungen des "Deutschen Seefischerei-Vereins") folgendes: Am 29. Mai bei klarem ruhigen Wetter sah man in der Richtung N z. O von Ingolfshöfde hinter der Bergkette des Klofajökull gegen Abend um 7 Uhr eine dicke schwarze Rauchsäule senkrecht wie aus einem mächtigen Schlot aufsteigen. In beträchtlicher Höhe ballten sich die aufsteigenden Dünste zu einer schwarzen dicken Wolke. In dem Rauch schossen zunächst in Zwischenräumen von einer halben bis einer Minute dünne Blisse in gerader Richtung von unten nach oben. Später vermehrte sich das Blissen, bis es ununterbrochen fort dauerte und in Flächen- und Kugelblisse überging. Zeitweilig sah die offenbar mit grosser Kraft ausgestossene Rauchsäule wie eine Feuergarbe aus. Bis 1 Uhr nachts konnte das Schauspiel beobachtet werden, dann trat Nebel und dunstige Luft ein. Der Wind blieb nordwestlich mit leichter Briese. Abends machte sich ein starker Schwefelgeruch bemerkbar, der das Atmen erschwerte. Die Messingteile und Farbe an Bord wurden von einer blauen und roten Schwefelschicht überzogen, und am anderen Tage wurde auf einigen Dampfern ein dicker grauer Staub an Deck bemerkt. Das Wasser änderte sein sonst hellblaues klares Aussehen in eine dunkelgraue Farbe und war zunächst vom Kudafjord ab östlich dick und schlammig. Später am nächsten Tage, reichte das schlammige Wasser bis westlich von Portland und in See bis etwa an die 100-Fadengrenze. Aufgeschlagene Proben des Wassers waren sehr kalt und so frisch, dass man es als Trinkwasser hätte benutzen können. Aus dem Kudafjord und den übrigen Wasserläufen stürzte ein sehr starker Strom, der in einiger Entfernung von der Küste eine

westnordwestliche Richtung annahm. Bei Markos begegnete man Treibeismassen von mehreren Seemeilen Umfang. Das Eis selbst war sehr klar, aber mit Sand, Staub und Morast bedeckt. Offenbar handelte es sich um losgelöstes Gletschereis, das von den Strömen in Massen ins Meer getragen wurde. Es waren Stücke von der Grösse eines Fischkutters in bedeutender Menge dabei. Der Strom, der so stark war, dass es den Fischdampfern vor dem Retze nicht möglich war, das Schiff mit Volldampf zu manövrieren (es gelang nicht, sie über 3 Strich hinaus gegen den Strom zu drehen), trieb das Eis mit grosser Fahrt längs der Küste. Der bei Eintritt des Naturereignisses von Portland östlich fischende Dampfer machte die Wahrnehmung, dass sofort, als er in das scharf abgegrenzte Gebiet des schlammigen kalten Wassers kam, auch der Fang aufhörte. Er fing zuerst statt der gewohnten 50 und mehr Zentner noch 3 bis 4 Zentner, später kam das Retz ganz leer heraus. Die Fische waren geflohen. Vor dem Ausbruch des Kraters konnte man später der unsichtigen Luft halber nichts mehr sehen, doch wurden die Erscheinungen im Meere 4 Tage lang beobachtet.

152. BEITR. Z. GEOPHYSIK, 1906 VOL. 8, BLS. 41.

Wilh. Krebs: Staubfälle, besonders im Passatgebiet des Nordatlantik.

Über vulkanische Staubfälle auf dem Nordatlantik liegt aus dem Jahre 1903 nach Zeitungsberichten noch eine dritte und vierte Angabe vor, von Islandfahrern der deutschen Fischdampferflotte.

IV. September 23.-26. Grauer Aschenfall bei nordöstlichem Wind in der Gegend zwischen Ingolshofde und Portland, stark, ununterbrochen und scharf. D. "Nordstern" und "Präsident Herwig".

153. HAMBURGER NACHRICHTEN, 2. MORGENAUSGEBE, 1. MAI 1906.

ERDBEBEN IN ISLAND.

In London sind Nachrichten von heftigen vulkanischen Ausbrüchen im Innern von Island eingetroffen. In dem ganzen Gebiet machten sich eine starke vulkanische Tätigkeit bemerkbar. Im Südosten der Insel wurden eine Reihe von leichten Erdbeben verspürt, und einige Landleute, die in den Bergweiden des Inlandes nach Schafen sahen, berichteten von verschiedene unheilvollen Unzeichen. Sie sahen Höhenrauch und funkelndes Licht und hörten die schweren dumpf dröhnenden Töne, die frühere vulkanische Ausbrüche begleiteten. Der Boden war mit einer dünnen Schicht von Staub und Asche überzogen. Als es dunkel wurde, sahen sie eine Art Feuersäule, die sich in nordwestlicher Richtung hob und fenkte. Ein Sachverständiger hat diese Berichte mit denen verglichen, die vor den Ausbrüchen des Askja und Hekla während des vorigen Jahrhunderts gemeldet wurden, und meint, dass man anscheinend an dem Anfang grosser Erderschütterungen in Island stünde. Der grösste Ausbruch auf der Erde in historischen Zeiten war der von 1785 in Süd-Island. Die Lavamasse, die damals ausgeworfen wurde, war nach der Schätzung Lyells so gross, dass ihr Raumgehalt etwa dem Mont Blanc gleichkam. Ausbrüche auf Island sind häufig mit denen des Vesuv oder Etna gleichzeitig eingetreten.

FJÓLRIT NÁTTÚRUFRÆDISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosættkvíslir. 35 bls.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947-1948. 31 bls.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess. 49. bls.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagosin 1902-1910. 40 bls.